

Janúar 2020

Útgáfa 2.0

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN
ALMANNAVARNA

Landsáætlun CBRNE - Lýðheilsa

C



B



R



N



E



Ríkislögreglustjórnirinn

Sóttvarnalæknir

Landsáætlun CBRNE - Lýðheilsa

Útgáfa 2.0 2020

Útgefandi:

Sóttvarnalæknir og Ríkislögreglustjórinn - almannavarnadeild

Ritstjórn:

Auður Lilja Arnpórsdóttir, Matvælastofnun

Eiríkur Baldursson, Umhverfisstofnun - efnateymi

Georg Arnar Þorsteinsson, Mannvirkjastofnun

Helena Línadal, Landspítali - Eitrunarmiðstöð

Íris Marelsdóttir, Embætti landlæknis - sóttvarnasvið

Kjartan Guðnason, Geislavarnir ríkisins

Rögvaldur Ólafsson, Ríkislögreglustjórinn - almannavarnadeild

Sigrún Karlsdóttir, Veðurstofa Íslands

Útlit og umbrot:

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Viðbragðsáætlunin er aðeins gefin út á rafrænu formi.

Athugasemdir skal senda á netfangið svl@landlaeknir.is

og/eða almannavarnir@logreglan.is

EFNISYFIRLIT

SKAMMSTAFANIR.....	5
ORÐSKÝRINGAR.....	7
1.0 INNGANGUR.....	10
2.0 STAÐHÆTTIR, MARKMIÐ, SKILGREININGAR OG SAGA	11
2.1 Markmið	11
2.2 Staðhættir	11
2.3 Um CBRNE atvik	11
2.4 CBRNE atvik - sviðsmyndir	15
3.0 VÖKTUN CBRNE ATVIKA OG VIRKJUN ÁÆTLUNAR.....	16
3.1 Uppruni atviks	18
3.2 Almannaþarnastig	18
3.3 Aðdragandi virkjunar - áhættumat	19
3.4 Formleg virkjun	20
4.0 BOÐUN.....	22
4.1 Óvissustig	23
4.2 Hættustig	24
4.3 Neyðarstig	25
4.5 Tengsl við aðrar áætlanir	26
5.0 STJÓRNKERFI ALMANNAVARNA.....	27
5.1 Stofnanir sem bera ábyrgð á viðbrögðum í CBRNE atviki	28
5.2 Sveitarfélögin og stofnanir á þeirra vegum	28
5.3 Samráð innanlands og á milli landa	29
5.4 Stjórnskipulag almannaþarna	31
5.5 Miðlun upplýsinga	47
5.6 Upplýsinga- og fjölmiðlateymi SST	47
6.0 STARFSSVÆÐI.....	49
6.1 Starfssvæði samkvæmt skipulagi almannaþarna - CBRNE vettvangur	50
6.2 Svæðaskipting vettvangs við CBRNE atvik	51
6.3 Skolsvæði viðbragðsaðila og þolenda	52
6.3 Fyrsta áhættumat á vettvangi	53
6.3 Hlífðarbúnaður í umsjón slökkviliða	53
6.4 Vábirgðir hlífðarbúnaðar í umsjón SVL	54
6.5 Vábirgðir lyfja og innrennslisvökva í umsjón SVL	54
6.6 Talning/skráning þolenda	55
6.7 Söfnunarsvæði þolenda (SSS) í CBRNE atviki	57
7.0 ÁHÆTTUMAT	58
8.0 VERKEFNI VIÐBRAGÐSAÐILA.....	60
8.1 Neyðarlínan/112	61
8.2 SST - Samhæfingarstöðin	62
8.3 AST - Aðgerðastjórn umdæmis	63
8.4 VST – Vettvangsstjórn á vettvangi atviks	64
8.5 Heilbrigðisþjónusta – SVL	65
8.6 Heilbrigðisþjónusta – Embætti landlæknis	66
8.7 Heilbrigðisþjónusta – umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna	67
8.8 Heilbrigðisþjónusta – sérhæfð, Landspítali	68

8.9	Heilbrigðisþjónusta – sérhæfð, Eitrunarmiðstöð Landspítala	69
8.10	Heilbrigðisþjónusta – sérhæfð, Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK)	70
8.11	Heilbrigðisþjónusta – almenn, heilbrigðisstofnanir og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	71
8.12	Heilbrigðisþjónusta – Rekstraraðilar sjúkraflutninga	72
8.13	Heilbrigðisþjónusta – Lyfjastofnun	73
8.14	Heilbrigðisþjónusta – Rannsóknarstofur (Keldur, Matís, Sýkla- og veirufræðideild LSH)	74
8.15	Löggæsla – Ríkislögreglustjórinn – Almannafræðingur/SST	75
8.16	Löggæsla – Ríkislögreglustjórinn – FjarSKIPTAMIÐSTÖÐ	76
8.17	Löggæsla – Ríkislögreglustjórinn – Kennslanefnd (ID-nefnd)	77
8.18	Löggæsla – Ríkislögreglustjórinn – Sérsveit	78
8.19	Löggæsla – Lögreglustjóri/lögregla umdæmis	79
8.20	Landhelgisgæslan – Stjórnstöð	80
8.21	Landhelgisgæslan – Flugdeild	81
8.22	Landhelgisgæslan – Sprengisveit	82
8.23	Landhelgisgæslan – Varðskip	83
8.24	Tollgæsla	84
8.25	Rauði krossinn á Íslandi – Neyðarmiðstöð	85
8.26	Rauði krossinn á Íslandi – Deildir og viðbragðseiningar	86
8.27	Slysavarnafélagið Landsbjörg – Landsstjórn	87
8.28	Slysavarnafélagið Landsbjörg – Svæðisstjórnir	88
8.29	Slysavarnafélagið Landsbjörg – Björgunarsveitir á öllum svæðum	89
8.30	Sveitarfélög – Brunavarnir (slökkvilið)	90
8.31	Sveitarfélög – Heilbrigðiseftirlit	91
8.32	Sveitarfélög – Stjórnsýsla	92
8.33	Ferðamálastofa	93
8.34	Geislavarnir ríkisins	94
8.35	Matvælastofnun (MAST)	95
8.36	Samgöngur – Samgöngustofa	97
8.37	Samgöngur – Isavia	98
8.38	Samgöngur – Sveitarfélög – Hafnasambandið	99
8.39	Umhverfisstofnun (UST)	100
8.40	Veðurstofa Íslands	101
8.41	Vinnueftirlitið	102
9.0	FJARSKIPTI/SAMSKIPTI.....	103
9.1	Grunnskipulag fjarskipta (Tetra)	103
10.0	KORT.....	106
11.0	DREIFINGARLISTI.....	109
12.0	BREYTINGASAGA.....	109
13.0	VIÐAUKAR.....	110
13.1	Lög og reglugerðir	110
13.2	Fyrsta upplýsingaöflun og ábendingar um fyrstu viðbrögð	111

Skammstafanir

Skammstöfun	Þýðing
AR	Sýkingartíðni (Attack Rate)
AHS	Aðhlyningarstjóri
AST	Aðgerðastjórn/-stjóri
Avd-RLS	Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
AVN/Av-nefnd	Almannavarnanefnd
BF	Biðsvæði flutningstækja
BH	Biðsvæði hjálparliðs
BTB	Biðsvæði tækja og búnaðar
CBRN	Skammstöfun fyrir efni, sýkla og geislavirk efni (Chemical, Biological, Radiological, Nuclear) sem geta valdið lýðheilsuógn vegna slysa eða vegna hryðjuverka.
CBRNE	Sama og CBRN, auk sprenginga (Explosives) af völdum þessara efna.
CFR	Dánarhlutfall sjúkdóms (Case Fatality Rate)
ECDC	Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (European Centre for Disease Prevention and Control)
EMA	Lyfjastofnun Evrópu
EU	Evrópusambandið (European Union)
EU-HSC	Nefnd um heilbrigðisöryggi á vegum Evrópusambandsins (Health Security Committee of EU)
EWRS	Vöktunar- og viðbragðskerfi Evrópusambandsins (Early Warning and Response System)
FMR	Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra
GR	Geislavarnir ríkisins
HBS	Höfuðborgarsvæðið
HES	Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga
HH	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins
HSA	Heilbrigðisstofnun Austurlands
HSN	Heilbrigðisstofnun Norðurlands
HSS	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
HSU	Heilbrigðisstofnun Suðurlands
HVE	Heilbrigðisstofnun Vesturlands
HVEST	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða
ICD	Flokkun sjúkdóma (International Classification of Diseases)
IHR	Alþjóðaheilbrigðisreglugerðin (International Health Regulations)
ID-nefnd	Kennslanefnd RLS (Identification committee)
IL	Innri lokun
JRCC	Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar (Joint Rescue and Coordination Centre –Iceland)
LHG	Landhelgisgæsla Íslands
L og B	Verkþátturinn Leit og björgun
LSH	Landspítali
LST	Lyfjastofnun

LP	Lendingarsvæði fyrir þyrlur
MAST	Matvælastofnun
MÓT	Móttökustaður á vettvangi
PHEIC	Alþjóðleg lýðheilsuógn (Public Health Emergencies of International Concern)
PPE	Persónulegur hlífðarbúnaður (Personal Protection Equipment)
R₀	Smitstuðull (Basic Reproductive Rate/Transmission Rate)
RKÍ	Rauði krossinn á Íslandi
RLS	Embætti ríkislögreglustjóra
RNSA	Rannsóknarnefnd samgönguslysa
S og F	Verkþátturinn Sjúkra- og fjöldahjálp
SAF	Samtök ferðaþjónustunnar
SAK	Sjúkrahúsið á Akureyri
SGS	Samgöngustofa
SÁBF	Stjórnun – Áætlun – Bjargir – Framkvæmd
SHÍ	Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi
SHS	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
SL	Slysavarnafélagið Landsbjörg
SSL	Söfnunarsvæði látinna
SSS	Söfnunarsvæði útsettra. Í sóttvarnaáætlunum eru útsettir nefndir þolendur og söfnunarsvæði er skipt í þrjú vinnusvæði, það er vinnusvæði útsettra með einkenni og vinnusvæði útsettra án einkenna. Autt vinnusvæði er á milli þessara svæða til að hindra útbreiðslu.
SSUS	Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir
SST/NCCC	Samhæfingarstöðin, Skógarhlíð 14, Reykjavík/National Crisis Coordination Centre
SVL	Sóttvarnalæknir
Tetra	Fjarskiptakerfi viðbragðsaðila
Umd/svæ-SVL	Umdæmis- eða svæðislæknir sóttvarna
UST	Umhverfisstofnun
VHF	(Very High Frequency)
VÍ	Veðurstofa Íslands
VST	Vettvangsstjórn/-stjóri
VPS	Verkþáttastjórar
YL	Ytri lokun
WHO	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (World Health Organization)

Orðskýringar

Aðgerðastjórn (AST): Undir stjórn lögreglustjóra starfar aðgerðastjórn að samræmingu innan umdæmis. Við ógn er varðar lýðheilsu tekur umdæmislæknir sóttvarna sæti í AST. AST er bakland vettvangsstjórnar.

Afkvíun (Quarantine): Takmörkun á athafnafrelsi og/eða aðskilnaður grunsamlegra einstaklinga sem ekki eru veikir eða aðskilnaður grunsamlegs farangurs, farartækja, vara eða pósthöggla sem hafa orðið fyrir áhrifum frá öðrum eða öðru á þann hátt sem kemur í veg fyrir hugsanlega útbreiðslu sýkingar eða mengunar.

Afmengun (Decontamination): Þrif vegna bráðamengunar. Dýr, fólk og umhverfi.

Alþjóðaflugvöllur (International airport): Flugvöllur, tilgreindur af aðildarríki sem flugvöllur tilheyrir sem komu- og brottfararflugvöllur í millilandaflugi, þar sem tilfallandi formsatriði er snúa að tolla-afgreiðslu, innflutningi fólks, lýðheilsu, sóttkví dýra og jurta og þess háttar verkferlum eru afgreidd.

Alþjóðleg lýðheilsuógn (PHEIC): Bráð ógn við lýðheilsu sem varðar þjóðir heims (*Public Health Emergencies of International Concern*). Óvenjulegur atburður sem er skilgreindur samkvæmt IHR sem hætta fyrir lýðheilsu vegna útbreiðslu sjúkdóma á milli landa og sem atvik sem getur útheimt samstillt, alþjóðleg viðbrögð.

Bjargir: Bjargir eru mannskapur, búnaður og aðföng sem notuð eru í aðgerðum.

Bráðamengun: Mengun sem verður skyndilega og krefst tafarlausra aðgerða.

Einangrun (Isolation): Aðskilnaður einstaklinga, sem eru veikir eða hafa orðið fyrir mengun, einnig aðskilnaður farangurs, farartækja, vara eða pósthöggla sem hafa orðið fyrir áhrifum frá öðrum eða öðru þannig að koma megi í veg fyrir hugsanlega útbreiðslu sýkingar eða mengunar.

Farsótt: Fleiri sjúkdómstilfelli en búast má við á tilteknu tímabili á afmörkuðu svæði þar sem uppruni sýkinganna er hinn sami.

- *Hópsýking (Outbreak):* Fleiri sjúkdómstilfelli en búast má við á tilteknu tímabili á afmörkuðu svæði þar sem uppruni sýkinganna er hinn sami.
- *Faraldur (Epidemic):* Fleiri sjúkdómstilfelli en búast má við á stóru svæði/landinu öllu á tilteknu tímabili.
- *Heimsfaraldur (Pandemic):* Fleiri sjúkdómstilfelli en búast má við í mörgum löndum/heiminum öllum á tilteknu tímabili.

Flugvirkt (Facilitation): Samræmdar aðgerðir opinberra aðila og annarra sem koma að afgreiðslu eða þjónustu við flugför, farþega, farangur og farm á flugvöllum til þess að einfalda formsatriði og greiða fyrir afgreiðslu þeirra.

Grundvallarsmitgát: Grundvallarvarúð gegn sýkingum, óháð uppruna, sem felur í sér rof smitleiða (handhreinsun og notkun viðeigandi hlífðarbúnaðar eftir því hvaða smitleið er um að ræða). Nánari upplýsingar um smitgát má finna á [vef embættis landlæknis](#).

Lýðheilsuógn (Public health risk): Líkur á atviki sem getur haft skaðleg áhrif á heilbrigði hópa fólks og er þar sérstaklega átt við sjúkdóm eða mengun sem gæti skapað alvarlega og beina hættu.

Matarborinn sjúkdómur: Er matareitrun eða matarsýking sem berst í fólk með matvælum þ.m.t. neyslvatni.

Matareitrun: Er sjúkdómur af völdum eitrefna frá bakteríum, sveppum, eitruðum þörungum, eða af völdum annarra efna sem geta valdið eitrun sem berst með matvælum.

Matarsýking: Er sjúkdómur af völdum baktería, veira eða snýkjudýra sem berst með matvælum.

Meginreglur viðbúnaðar: Almenn t byggja viðbrögð á fjórum meginreglum. Þær eru grenndarreglan, samkvæmnisreglan, sviðsábyrgðarreglan og samhæfingarreglan. Kjarni þeirra er þessi:

- *Grenndarreglan* segir fyrir um að æskilegt er að áætlanagerð, forvarnir og viðbrögð séu að sem mestu leyti í höndum þeirra sem næst standa borgurunum, það er sveitarstjórnun og svæðisbundnum fulltrúum ríkisins.
- *Samkvæmnisreglan* segir að best sé að byggja viðbrögð við hvers kyns v á þeirri reynslu sem skapast í daglegum störfum viðbragðsaðila og því stjórnskipulagi sem stuðst er við í daglegum störfum.
- *Sviðsábyrgðarreglan* segir fyrir um að ábyrgð aðila breytist ekki eftir umfangi atburða og nauðsynlegum viðbúnaði vegna þeirra. Hver sinnir sínu hvort sem um er að ræða dagleg verkefni eða almannavarnaástand.
- *Samhæfingarreglan* segir til um að allir hafi skyldu til að vinna saman og samhæfa störf sín í viðum skilningi.

Opinberar sóttvarnaráðstafanir: Takmarkanir á ferðafrelsi, einangrun smitaðra, sóttthreinsun, sóttkví eða samkomubann samkvæmt sóttvarnalögum nr. 19/1997.

Samhæfingarstöðin (SST): Stjórnstöð í Skógarhlíð 14, Reykjavík. Samræmir aðgerðir á landsvísu og er tengiliður við stofnanir utan umdæmis, stjórnvöld og erlenda aðstoð. Stöðin er einnig bakland aðgerðastjórnar innan lögreglu-/sóttvarnaumdæmis.

Smitferja (vector): Skordýr eða annað dýr sem að jafnaði ber með sér sýkil sem getur skapað hættu fyrir lýðheilsu.

Smitgeymir (reservoir): Dýr, planta eða efni þar sem sýkill sem getur ógnað lýðheilsu hefst við að öllu jöfnu.

Sóttthreinsun (disinfection): Ferli þar sem gerðar eru heilbrigðisráðstafanir til að halda sýklum á líkama manna eða dýra eða í farangri, farmi, gámum, farartækjum, vörum og póstbögglum í skefjum eða eyða þeim með efnafræðilegum eða eðlisfræðilegum aðferðum.

Skordýraeyðing (disinsection): Ferli þar sem gerðar eru heilbrigðisráðstafanir til að halda í skefjum, eða eyða skordýrum sem hafast við í farangri, farmi, gámum, farartækjum, vörum og póstbögglum og eru smitferjur fyrir sjúkdóma sem leggjast á menn.

Skráningarskyldir sjúkdómar: Með skráningarskyldu er átt við skyldu heilbrigðisstarfsmanna til að senda sóttvarnalækni ópersónugreinanlegar upplýsingar um sjúkdómstilvik sem talin eru upp í reglugerð um skýrslugerð vegna sóttvarna nr. 221/2012.

Tilkynningarskyldir sjúkdómar: Þeir sjúkdómar, sjúkdómsvaldar og atburðir sem sóttvarnalög fjalla um eru skráningarskyldir og geti þeir ógnað almannaheill eru þeir jafnframt tilkynningarskyldir. Með tilkynningarskyldu er átt við þá skyldu að senda sóttvarnalækni persónugreinanlegar upplýsingar um sjúkdómstilvik sem talin eru upp í reglugerð um skýrslugerð vegna sóttvarna nr. 221/2012.

Útsettur: Að hafa orðið fyrir smiti/mengun sem getur skaðað heilsu. Einstaklingur getur verið ein-kennalaus en smitandi.

Vettvangsstjórn (VST): Er stjórn að vettvangsstjóra skipuðum af AST. VST stýrir úrlausnum á vettvangi með það að markmiði að koma á venjubundu ástandi. Verkbáttastjórar heyra undir VST.

Vettvangur CBRNE:

- *Innri vettvangur:* Svæði þar sem hættan er mest (heitt svæði). Aðstæður á vettvangi svo sem vindátt ráða stærð og lögun. Aðeins skilgreindir viðbragðsaðilar fara inn á svæðið í viðeigandi hlífðarfatnaði.
- *Ytri vettvangur:* Skilgreint lokað svæði umhverfis innri vettvang. Þar eru söfnunarsvæði bjarga og útsettra og umferðargæslu er sinnt af lögreglu.

Frekari orðskýringar má finna í orðskýringum EU, [CBRN Glossary 2009](#) gefnar út með það að markmiði að efla sameiginlegan skilning á CBRNE atviki.

1.0 Inngangur

Viðbragðsáætlun þessari er ætlað að segja fyrir um skipulag og stjórn aðgerða þegar grunur vaknar um atvik af völdum eitufefna, sýkla (veira, baktería, sveppa, sníkjudýra) geislunar, kjarnorku eða sprengiefna, sem ætla má að geti leitt til lýðheilsuógnar. Skammstöfun þessara þátta á ensku er CBRNE (*Chemical, Biological, Radiological, Nuclear, Explosives*). Um er að ræða samræmt verklag fyrir landið allt, loftrými þess og lögsögu í hafi. Einnig nær áætlunin til atviks þar sem sprengiefni er notað ásamt einhverju af þeim efnum sem flokkast undir CBRNE. Áætlunin nær til fyrstu viðbragða eftir að atvik verður, sem flokka má sem CBRNE, en hlutaðeigandi sveitarfélag getur einnig virkjað eigin viðbragðs-áætlun samhliða þessari. [Handbók-CBRNE](#) tekur til viðbragða frá því að útkall berst og nær til fyrstu 30 mínútna á CBRNE vettvangi og eftir það tekur þessi áætlun við sem leiðbeinandi rit. Áætlunin segir fyrir um dreifingu á neyðarbúnaði þeim sem er í umsjón sóttvarnalæknis og leiðbeinir um þrif vegna bráðamengunar vettvangs. Heildarmarkmið áætlunarinnar er að lágmarka þann skaða sem getur orðið vegna CBRNE atviks.

Áætlunin styðst við alþjóðaheilbrigðisreglugerðina (IHR-2005), lög um almannavarnir nr. 82/2008, sóttvarnalög nr. 19/1997, auk annarra laga og reglugerða sem nefnd eru í viðauka 1. Áætlunin styðst við leiðbeiningar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) er varða almennan neyðarviðbúnað (*A Strategic Framework for Emergency Preparedness/2017*). Einnig fylgir áætlunin [aðgerðaáætlun Evrópusambandsins \(EU\)-2017](#) er varðar viðbrögð þjóða við ógnir af völdum CBRNE atvika. Aðgerða-áætlun EU kallar eftir aukinni samvinnu þjóða, betra upplýsingaflæði á milli landa og að þjóðir innan Evrópu efli viðbúnað og þekkingu á þessu sviði. Sérstaklega er hvatt til þátttöku allra mikilvægra innviða við áætlanagerð og undirbúning (lögregla, almannavarnir, heilbrigðisþjónusta, veitur, fyrirtæki og félagasamtök). Meginreglur viðbúnaðar gilda við þessa áætlanagerð eins og í annarri áætlanagerð á vegum almannavarna (sjá orðskýringar).

Undirritaðir aðilar vinna saman að uppfærslum og lagfæringum áætlunarinnar og liggur frumeintak skjalsins hjá ritstjóra þess. Áætlunin skal endurskoðuð á tveggja ára fresti, næst árið 2022. Boðunarlístar vegna áætlunarinnar eru varðveittir hjá Neyðarlínunni og skal uppfæra þá eins oft og þörf krefur og að minnsta kosti árlega. Ekki er um endanleg fyrirmæli að ræða og geta hlutaðeigandi umdæmis-læknir sóttvarna, lögreglustjóri umdæmis og slökkviliðsstjóri, í samvinnu við sóttvarnalækni, ríkislögreglustjóra, forstjóra Mannvirkjastofnunar og aðra sem málið varðar ákveðið breytta starfstilhögun með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni.

Umdæmis-læknar sóttvarna, lögreglustjórar og slökkviliðsstjórar hlutaðeigandi umdæmis bera ábyrgð á virkjun áætlunarinnar að fullu eða að hluta í samvinnu við sóttvarnalækni og ríkislögreglustjóra. Allir þeir sem hlutverk hafa samkvæmt 8. kafla þessarar áætlunar geta komið á framfæri ósk um virkjun áætlunarinnar. Aðdragandi virkjunar, virkjun áætlunar, boðleiðir og samskipti skulu æfð að minnsta kosti á fimm ára fresti. Einstakir verkþættir áætlunarinnar skulu æfðir eins og þurfa þykir.

Áætlunin er gefin út á rafrænu formi og vistuð á vef almannavarna, www.almannavarnir.is, og vef embættis landlæknis, www.landlaeknir.is.

Áætlun þessi tekur þegar gildi.
Reykjavík, 31. janúar 2020

Þórólfur Guðnason
Sóttvarnalæknir

Kjartan Þorkelsson
setttur Ríkislögreglustjóri

2.0 Staðhættir, markmið, skilgreiningar og saga

2.1 Markmið

Heildarmarkmið áætlunarinnar er að lágmarka þann skaða sem getur orðið vegna CBRNE atviks en undirmarkmið eru fjögur og eru þau skráð samkvæmt aðgerðaáætlun EU:

1. Að minnka aðgengi að efnum sem geta valdið CBRNE atviki.
2. Að skýra boðleiðir og ábyrgð í CBRNE atviki í einni áætlun og tryggja hnökralaus viðbrögð í þeim tilgangi að lágmarka eða fyrirbyggja, ef þess er kostur, áhrif smits/mengunar/geislun/óvæntra atburða og vernda lýðheilsu og umhverfi.
3. Að tryggja upplýsingaflæði/miðlun leiðbeininga til allra sem málið og sinna tilkynningarskyldu innanlands og yfir landamæri.
4. Að auka almenna/sérhæfða þekkingu á CBRNE atvikum og vöktun/áhættumati vegna þeirra.

2.2 Staðhættir

Áætlun þessi nær til landsins alls, loftrýmis þess og til lögsögu í hafi. Sjá kort og yfirlitsmyndir í kafla 10. Alvarlegt CBRNE atvik mun kalla á virkjun fleiri áætlana og er fjallað um slíkt í kafla 4.5 á bls. 25.

CBRNE atvik eru af margvíslegum uppruna og slíkt atvik getur orðið hvar sem er. Má nefna atvik af völdum klórgasleka í sundlaugum, saurgerlamengun í neysluvatni, efnaleka í flutningi, gasmengun og öskufall í eldgosí, sýkingu af völdum mislinga um borð í flugvél og veikindi um borð í skipum vegna matareitrunar, nánar í töflu 2.1 á bls. 14. Mjög margir aðilar koma að viðbrögðum við CBRNE atviki allt eftir eðli málsins hverju sinni. **Gátlista viðbragðsaðila er að finna í kafla 8.**

2.3 Um CBRNE atvik

Hér verður leitast við að skilgreina og afmarka þau atvik sem flokka má sem CBRNE. Eftirfarandi er sameiginlegt með CBRNE atvikum:

1. Upphaf er oft óljóst og áhrif á heilsu manna oft ekki þekkt.
2. Staðsetning og útbreiðsla afleiðinga CBRNE atvika oft ekki þekkt.
3. Þekking á atviki og afleiðingum er óljós eða ókunn.
4. Orsök atviks getur verið ósýnilegt (veira, eiturgas) þeim sem kallaðir eru til aðstoðar. Það veldur óöryggi viðbragðsaðila sem hefur áhrif á viðbragðið sjálft.
5. Þekking á meðferð við afleiðingum atviks er ekki alltaf til staðar. Stöðugt þarf að endurtaka áhættumat.
6. Þolendur geta verið smitandi og vettvangur getur verið skaðlegur viðbragðsaðilum. Þetta kallar á skýrar reglur um notkun hlífðarbúnaðar og annarra viðbragða.
7. Þolendur CBRNE geta dreift smitefni eða eitri þegar þeir eru færðir á heilbrigðisstofnun og þannig stækkað vettvang.

Þar sem mörk vettvangs og orsök einkenna geta verið óljós getur verið erfitt að skilgreina þessi atvik. Áhrif geta komið fram löngu seinna og einnig geta afleiðingar komið fram á öðrum stað. Af þessu leiðir að undirbúningur og mótvægisáðgerðir verða að vera almennar og taka til mikilvæga innviði og alla lögsögu Íslands. Við CBRNE atvik er sífellt áhættumat og rannsókn á orsökum afar mikilvægt. Nánar er fjallað um einstök CBRNE atvik hér á eftir. Samvinna allra viðbragðsaðila er nauðsynleg og getur stýtt þann tíma sem tekur að koma þolendum til hjálpar.

C (Chemical) – efni

Unnt er að flokka efni með ýmsum hætti. Algengast er að flokka slík efni eftir áhrifum þeirra:

- **Ertandi efni** (*harassing agents*) hefta fólk á meðan það er í snertingu við þau. Efnin valda mönnum miklum óþægindum en þeir eru þó færir um að flytja sig frá þeim stað þar sem efnin eru. Fullur bati fæst þegar áhrifa gætir ekki lengur.
- **Hamlandi efni** (*incapacitating agents*) valda skerðingu, stundum þannig að fólk áttar sig ekki á því að efnin hafa áhrif á miðtaugakerfið. Efnin valda því að fólk verður óstarfhæft og getur ekki fært sig úr stað. Þeir sem hafa orðið fyrir eitruninni ná sér oftast án sértækrar meðferðar.
- **Banvæn efni** (*lethal agents*) valda dauða þeirra sem fyrir þeim verða.

Flokkun eftir áhrifum er ekki nákvæm því þau eru breytileg eftir magni efnanna sem berast í eða á líkamann. Því hafa efnin einnig verið flokkuð eftir smitleið inn í líkamann:

- **Öndunarefni** (*respiratory agents*) berast öndunarkerfinu og valda skaða á lungum eða frásogast frá lungum og valda almennum áhrifum í líkamanum.
- **Húðefni** (*cutaneous agents*) frásogast frá yfirborði húðar og valda þar beinum skaða (t.d. sinnepsgas) eða geta borist um líkamann og valdið almennum einkennum (t.d. taugagas) eða hvoru tveggja.

Þá má flokka efni eftir því hve langverkandi þau eru:





- **Viðvarandi efni** (*persistent agents*) haldast í langan tíma á því svæði þar sem þeim er dreift. Þetta eru efni sem menga yfirborð og eru lítt rokgjörn. Sinnepsgas og taugagas eru viðvarandi efni. Þessi efni eru t.d. notuð í hernaði til að gera tiltekin landssvæði óbyggileg um tiltekinn tíma.
- **Skammvinn efni** (*non-persistent agents*) eru rokgjörn efni og staldra stutt við í því umhverfi þar sem þeim er dreift. Þessi efni eru t.d. notuð í hernaði þar sem ætlunin er að hernema mengað svæði fljótlega eftir árás. Þessi efni ógna fyrst og fremst öndunarvegi en geta líka valdið skaða um húð. Dæmi um slík efni eru blásýra (HCN) og fosgen.

Að lokum eru efni oft flokkuð eftir því hvernig þau hafa áhrif á mismunandi líkamshluta.

- **Taugaefni** (*nerve agents*) og dæmi um þau eru svokölluð G-efni, sarín, tabún og sóman, og svo kölluð VX-efni.
- **Blöðruvaldandi efni** (*vesicants, skin blistering agents*) og dæmi um þau eru sinnepsgas (*sulphur mustard*), lewisites og köfnunarefnissinnepsgas (*nitrogen mustard*).
- **Lungnaertandi efni** (*choking agents*) og dæmi um þau eru klór og fosgen.
- **Blóðgös** (*blood agents*) og dæmi um þau er blásýra (HCN) og cyanogenklóríð (CNCl).
- **Ofskynjunarefni** (*psychomimetic agents*) og dæmi um þau eru LSD og efnið BZ (*quinuclidinyl benzilate*).
- **Táragös** (*riot control agents*) og dæmi um þau eru CN (2-chloroacetophenone), CS (2-chlorobenzilidenemalononitrile) og DM (*adamsite*).
- **Önnur verkun efna.** Dæmi um þau eru rísín, aflatoxin og saxitoxin.

Merkingar hættulegra efna

Hættulegar efnavörur skulu merktar með viðeigandi hættumerkjum sem eiga að miðla upplýsingum um hættuna sem er til staðar. Um er að ræða tákn inni í rauðum tígli, sjá mynd 2.1.

	SPRENGIFIMT Sprengiefni og efni sem geta sprungið við högg, upphitun eða önnur utanaðkomandi áhrif.
	ELDFIMT Efni sem eru eldfim og geta brunnið við íkvikunun eða þegar þau hitna.
	ELDNÆRANDI/OXANDI Efni geta valdið eða stuðlað að bruna eða sprengingu. Eldur getur komið upp án íkveikju.
	GAS UNDIR ÞRÝSTINGI Gas í ílátum undir þrýstingi (2 bör eða meira), eða gas sem er fljótandi við mjög lágt hitastig. Hylkið getur sprungið við hitun.
	ÆTANDI Efni sem eru ætandi fyrir húð og valda alvarlegum augnskaða. Á einnig við um efni sem tæra málma.
	BRÁÐ EITURHRIF Efni sem eru svo eitruð að þau geta valdið skaða eða verið banvæn við inntöku, innöndun eða eftir snertingu við húð.
	HEILSUSKAÐI/SKAÐAR ÓSONLAGIÐ Efni sem geta ert húð og augu, valdið ofnæmisviðbrögðum í húð, ert öndunarveg, valdið syfju eða svima. Getur verið skaðlegt við inntöku, snertingu við húð og innöndun. Getur skaðað umhverfið.
	ALVARLEGUR HEILSUSKAÐI Efni sem geta valdið langvarandi áhrifum og heilsuskaða, skaðað frjósemi eða ófætt barn, verið krabbameinsvaldandi, valdið ofnæmi eða astmaeinkennum og skaðað líffæri.
	SKAÐLEGT UMHVERFINU Efni sem eru hættuleg umhverfinu og/eða eitruð vatnalífi.

Mynd 2.1. Varnaðarmerkin (www.ust.is)

B (Biological) - sýklar

Megineinkenni sýkla er geta þeirra til að fjölga sér með tímanum utan eða innan hýsils t.d. manni. Einnig geta sýklar framleitt eiturefni sem geta valdið heilsuspillandi áhrifum og skaða. Sjúkdómar, sem þeir valda, stafa af flóknu samspili sýkils og hýsils. Sýklar eru flokkaðir í bakteríur, veirur, sveppi og prionsmitefni. Einnig má flokka sýkla eftir sýkingargetu, sjúkdómshæfni, drápsþæfni, sjúkdómsþróun, meðgöngutíma, útbreiðsluhæfni og útbreiðsluleiðum ásamt stöðugleika til að viðhalda sýkingarhæfni sinni. Sýkingarleiðir sýkla eru aðalleg um öndunar- eða meltingarveg. Sýklar komast í gegnum húð ef húðrof er til staðar (sár). Þannig má nota sýkt vopn (t.d. sýkta nagla) í hryðjuverkaárás.

Öndunarvegurinn er aðgengilegasta sýkingarleiðin. Það stafar annars vegar af því að magn sýkla sem nær að þekja yfirborð líkamans er mest í öndunarveginum samanborið við aðra hluta líkamans og einnig af því að slímhúð öndunarvegur er næmari fyrir sýkingu en húðin. Sýklar geta komist inn í meltingarveginn með menguðum mat og drykk, snertingu munns við mengaða hendi eða með því að slím úr sýklamengaðri slímhúð öndunarvegs sé gleypt. Agnarstærð sýkla hættir að skipta máli eftir að þeir hafa fallið á yfirborð.

RN (Radiological, Nuclear) - geislun

Geislavirk efni gefa frá sér svokallaða jónandi geislun, sem er hvorki sýnileg né greinanleg með neinum skynfærum mannsins. Merkingarlaust er að tala um þyngd eða rúmmál geislavirkra efna, það er virkni þeirra sem segir til um áhrif frá þeim. Jónandi geislun getur verið agnageislun (alfa- og betageislun), skammdræg en þó skaðleg ef geislavirku efnin berast inn í líkamann. Geislunin getur einnig verið rafsegulgeislun (röntgen- eða gammageislun) og þá kemst hún auðveldlega í gegnum efni.

Notkun geislavirkra efna á Íslandi er með tvennum hætti. Geislavirkt efni er talið **lokuð geislalind** (eða lokuð lind, e. *sealed source*) þegar það er á föstu formi og í þéttu lokuðu hylki þannig að það geti ekki dreifst til umhverfis, jafnvel þótt lindin lendi í eldsvoða eða sprengingu. Sé efni ekki lokuð lind þá er það talið **opin geislalind** (eða opin lind, e. *unsealed source*), t.d. lofttegund, vökvi eða duft.

Lokaðar geislalindir er að finna í ýmsum lækningatækjum og tækjum sem notuð eru í iðnaði. Tækin geta verið færanleg en almennt eru þau í fastri uppsetningu. Að auki geta allstar kar geislalindir verið fluttar inn tímabundið vegna ákveðinna verkefna. Lindir til krabbameinslækninga þurfa einnig að vera tiltölulega sterkar til að skila tilætluðum árangri. **Opnar geislalindir** eru notaðar í læknisfræðilegum tilgangi (við lækningu og greiningu) og í mjög litlu magni á nokkrum rannsóknastofum. Þar sem opnar lindir eru venjulega tiltölulega skammlíf geislavirk efni, þá þarf reglulega að flytja nýjar sendingar af þeim til landsins.

Geislatæki (röntgentæki) eru notuð í heilbrigðiskerfinu og ýmissri starfsemi s.s. iðanði og eftirliti. Þau geta valdið skaða enda gefa þau frá sér jónandi geislun (rafsegulgeislun).

E (explosives) - sprengingar

Ekki verður fjallað sérstaklega um sprengingar en vísað til kafla um efni, C.

2.4 CBRNE atvik - sviðsmyndir

Skilgreind CBRNE atvik sem valdið geta lýðheilsuógn eru matarsýkingar, mengað neysluvatn, mengun í andrúmslofti og slys af völdum efna. Í raun er uppspretta CBRNE atvika ótæmandi. Má nefna slys í iðnaði, loftmengun og öskufall frá eldgosum, ýmis efnaslys og hryðjuverk. Til að efla skilning á viðvangsefninu eru nokkur skilgreind CBRNE atvik sem orðið hafa á Íslandi sett fram í töflu 2.1. Hryðjuverk eru talin til CBRNE atvika og hafa þarf í huga að Ísland getur orðið fyrir hryðjuverkaárás.

Tafla 2.1. Dæmi um CBRNE atvik á Íslandi.

Dæmi um CBRNE atvik	
Sýklar	Sumarið 2017 kom upp nóróveirusýking í sumarbúðum skáta á Úlfjótssvatni og var 181 erlendur skáti (börn og unglingar) færður í fjöldahjálparstöðina í Hveragerði.
	Haustið 2017 kom upp faraldur magakveisu meðal starfsmanna í tveim skólum á höfuðborgarsvæðinu. Við rannsókn kom í ljós að um var að ræða sýkingu af völdum bakeriunnar <i>Aeromonas hydrophila</i> sem greindist í salati sem ekki hafði verið þvegið.
	Sumarið 2018 barst tilkynning um veikindi um borð í farskipi á leið til landsins frá Rotterdam. Allir í 11 manna áhöfn veiktust og þrír voru lagðir inn á bráðamóttöku LSH. Staðfest var á þriðja degi að um var að ræða sýkilinn <i>Salmonella typhimurium</i> sem ræktaðist frá skipverjum.
	Veturinn 2018 kom upp matarsýking í Reykjavík en tæplega 50 manns veiktust eftir að hafa snætt nóróveirumengaðar ostrur á Skelfiskmarkaðinum.
Efni og Sprengingar	Sumarið 2019 kom upp saurgerlamengun í Efstadal II á Suðurlandi. 24 veiktust.
	Sumarið 2006 varð klórgasmengun í sundlauginni á Eskifirði og tæplega 50 einstaklingar þurftu á aðstoð að halda í kjölfarið. Af þeim voru 34 fluttir á heilsugæslutöð og 16 þeirra voru lagðir inn yfir nótt. Tveir voru fluttir með sjúkraflugi á Sjúkrahús Akureyrar og fjórir voru fluttir til Reykjavíkur. Einkenni voru hósti og öndunarerfiðleikar. Orsök slyssins mátti rekja til mannlegra mistaka er ediksýru var fyrir mistök hellt í klórtank sundlaugar.
	Vorið 2010 varð mikið öskufall í kjölfar goss í Eyjafjallajökli og fór mengun vegna svifryks yfir heilsuverndarmörk víða í nágrenni gosstöðvanna. Askan olli sárindum í augum, nefi, koki og sumir kvörtuðu undan öndunarerfiðleikum.
	Vorið 2011 var mikið öskufall á Kirkjubæjarklaustri og í sveitunum umhverfis vegna eldgoss í Grímsvötnum.
	Veturinn 2014–2015 losnuðu eitruð gosefni út í andrúmsloftið frá eldgosinu í Holuhrauni. Algengustu gosefni sem losna frá eldgosum eru vatn (H ₂ O), koldíoxíð (CO ₂) og brennisteinsdíoxíð (SO ₂). Auk þess losna önnur efni eins og brennisteinsvetni (H ₂ S), vetni (H ₂), kolmónoxíð (CO), vetnisklóríð (HCl), vetnisflúoríð (HF) og helíum (He), en í minna magni. Helstu áhrif gastegunda frá gosinu á heilsu manna voru af völdum SO ₂ . Mengun vegna SO ₂ barst víða um landið.
	Sumarið 2014 varð stórbruni í Skeifunni í Reykjavík. Eldur kviknaði í þvottahúsinum Fönn og fór hratt yfir í fleiri byggingar. Þykkur reyk lagði yfir næstu byggð.
	Vorið 2018 kom eldur upp í húsi Geymslna og Icewear í Garðabæ. Mikinn reyk lagði yfir en veður var stillt. Agnir, mögulega úr steinull voru taldar koma niður úr reyknum.
Geislar	Ekki hafa orðið alvarleg slys á Íslandi þar sem geislun kemur við sögu. Slys eða óhöpp við vinnu eða meðhöndlun geislalinda geta átt sér stað. Þjófnaður á geislalindum er þekkt fyrirbæri erlendis. Geislalindir geta týnst og þá þarf að finna þær án tafar. Telja verður að slys geti orðið við flutning geislavirkra efna. Eldur getur komið upp í húsnæði þar sem öflugar geislalindir eru í notkun eða geymslu. Ekki er hægt að útiloka misbeitingu geislunar af ráðnum hug sem gæti leitt til þessi að geislavirkt efni dreifðist yfir nokkuð svæði. Afleiðingar gætu orðið alvarlegar og fólk orðið fyrir geislun. Hreinsun yrði tímafrek og kostnaðarsöm. Sprengjuhótun getur borist þar sem nefnd eru geislavirk efni eða grunur um slíkt. Slys getur orðið í kjarnorkunúnu sjófari á N-Atlantshafi.

3.0 Vöktun CBRNE atvika og virkjun áætlunar

Margar stofnanir koma að vöktun vegna CBRNE atvika og allir bera þá skyldu að koma upplýsingum á framfæri ef hætta er talin á að að atvik eða aðstæður geti valdið lýðheilsuógn. Í töflu 3.1. eru taldar fram þær stofnanir er fara með lögbundna vöktun.

Tafla 3.1 Vöktun CBRNE atvika - auðkenning hættu.

Vöktun CBRNE atvika - Auðkenning hættu	
Sóttvarnalæknir (SVL)	Ber ábyrgð á eftirliti, áhættumati og viðbrögðum við smitsjúkdómum, eiturefnum, geislavirkum efnum og óvæntum atburðum sem ógnað geta almannaheill. Öflug sívöktun smitsjúkdóma vegna sóttvarna er nauðsynleg vegna hópsýkinga af hvaða toga sem er. Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC) gerir áhættumat þegar grunur vaknar um útbreiðslu sýkla sem ógna heilsu manna. SVL er tengiliður Íslands við ECDC og fylgist með tilkynningum og upplýsingamiðlun frá ECDC. SVL heldur smitsjúkdómaskrá sem er vöktuð reglulega. Sóttvarnalæknir er tengiliður Ísland við alþjóðaheilbrigðisreglugerðina og fylgist þannig með alþjóðlegu vöktunarkerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Rík áhersla er lögð á samstarf umdæmis- og svæðislækna við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og við héraðsdýralækna vegna eftirlits þeirra með dýrum og matvælaframleiðslu.
Lyfjastofnun	Helsta hlutverk Lyfjastofnunar er að skrá lyf á Íslandi í samvinnu við lyfjafirvöld á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), hafa eftirlit með lyfjum og lækningatækjum á Íslandi og tryggja faglega og hlutlausu upplýsingagjöf til heilbrigðisstarfsfólks og neytenda. Lyfjastofnun sinnir jafnframt eftirliti með handhöfum markaðsleyfa lyfja, umboðsmönnum þeirra og annarra fyrirtækja, stofnana og einstaklinga er selja, framleiða, flytja inn eða búa um lyf og lækningatæki. Lyfjastofnun vinnur með erlendum lyfjastofnunum á sviði lyfjamála, s.s. Lyfjastofnun Evrópu (EMA) og öðrum lyfjastofnunum EES með það að markmiði að tryggja öryggi, gæði og framboð lyfja og lækningatækja innan EES og á Íslandi.
Veðurstofa Íslands (VÍ)	Ví annast rauntímavöktun á veðri með rekstri veðurathugunarkerfa, veðurlíkana og öflun fjar-könnunargagna (háloftamælinga, ratsjár- og gervihnattagagna). Ví safnar grundvallarupplýsingum og þekkingu um vatnafar landsins með rekstri vatnamælingakerfis og langtímarannsóknnum. Ví annast verkefni á sviði ofanflóðavarna og vaktar staðbundna hættu á ofanflóðum í þéttbýli. Ví annast rauntímavöktun á jarðskjálftum, eldgosum, kvikuhreyfingum, og jökulhlaupum á Íslandi með rekstri landsnets jarðskjálfta- og GPS-mæla. Ennfremur er fylgst með gasústreymi frá eldstöðvum og Ví safnar upplýsingum um öskufall og gasústreymi frá yfirstandandi eldgosum þegar ástæða þykir til. Ví vaktar og varðveitir upplýsingar um ýmsa eðlisþætti hafsins eins og hita, hafís, ísingu á sjó, breytingar á sjárvarstöðu, s.s. vegna loftlagsbreytinga og sjólags.
Landspítali (LSH) Eitrunarmiðstöð	Eitrunarmiðstöð er starfrækt á Landspítala og rekur símaþjónustu allan sólarhringinn þar sem gefnar eru upplýsingar um efni og ráðgjöf um viðbrögð og meðferð þegar eitranir verða. Þessi þjónusta er starfrækt fyrir alla landsmenn og ráðgjöf er veitt endurgjaldslaust af fagfólki allan sólarhringinn. Síminn er 543 2222 eða 112 í gegn um Neyðarlínuna. Eitrunarmiðstöðin tekur á móti upplýsingum um efnablöndur og stundar rannsóknir á eitrunum.
Umhverfisstofnun (UST)	Umhverfisstofnun hefur umsjón með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 en gildissvið þeirra nær til framleiðslu, markaðssetningar, útflutnings, umflutnings, efnaskráningar, leyfisveitinga, merkinga, notkunar, takmörkunar og banns við notkun auk annarar meðferðar efna á landi, í lofthelgi og í mengunarlögsögunni. Efnalögin gilda einnig um örverur, aðrar lífverur eða hluta þeirra ef þær eru ætlaðar til nota í vörum sem falla undir efnalög. Stofnunin hefur eftirlit með efnum, efnablöndum og hlutum sem innihalda efni. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa, í samvinnu við Umhverfisstofnun og í samræmi við áherslur eftirlitsáætlunar, eftirlit með meðferð og merkingum efna og efnablandna í starfsleyfissskyldri og skráningarskyldri starfsemi sem heyrir undir starfsleyfi sem nefndin gefur út og/eða hefur eftirlit með á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Leiki grunur á um brot á þáttum sem falla undir efnalög skal heilbrigðisnefnd tilkynna um það til Umhverfisstofnunar á þann hátt sem stofnunin ákveður. Umhverfisstofnun hefur það hlutverk samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að samræma heilbrigðiseftirlit á landinu öllu, hafa nána samvinnu við heilbrigðisnefndir og veita ráðgjöf

	<p>og þjónustu varðandi heilbrigðiseftirlit. Umhverfisstofnun ber ábyrgð á aðgerðum vegna bráðamengunar utan hafnarsvæða samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Við óhapp sem leiðir til eða getur leitt til bráðamengunar hafs og stranda utan hafnarsvæða skal stofnunin gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við viðbragðsáætlanir. Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að aðgerðir gegn bráðamengun hefjist og annast stjórn á vettvangi. Stofnuninni er heimilt að fela heilbrigðisnefnd eða öðrum aðilum í umboði stofnunarinnar umsjón með aðgerðum á kostnað stofnunarinnar. Samkvæmt reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði sér UST um vöktun á loftgæðum. UST miðlar upplýsingum um loftgæði frá öllum loftgæðamælistöðvum á landinu á vefnum www.loftgaedi.is. Í eldgosum hefur UST lagt áherslu á að auka vöktun á loftgæðum í byggðum nálægt eldstöðvum þar sem búast má við skertum loftgæðum.</p>
Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga (HES)	<p>Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa, í samvinnu við UST og í samræmi við áherslur eftirlitsáætlunar, eftirlit með meðferð og merkingum efna og efnablandna í starfsleyfisskyldri og skráningarskyldri starfsemi sem heyrir undir starfsleyfi sem nefndin gefur út og/eða hefur eftirlit með á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Leiki grunur á um brot á þáttum sem falla undir efnalög skal heilbrigðisnefnd tilkynna um það til UST á þann hátt sem stofnunin ákveður.</p>
Matvæla- stofnun (MAST)	<p>MAST sinnir eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæði matvæla.</p>
Geislavarnir ríkisins (GR)	<p>GR annast skv. lögum geislunarlegan þátt viðbúnaðar vegna hvers kyns geislavár, m.a. greiningu á ógn af hennar völdum, samhæfingu viðbúnaðar við alþjóðleg viðmið, rekstur viðbúnaðar- og geislaælikerfa og annað því tengt. Stofnunin telst ekki eiginlegur viðbragðsaðili og hefur ekki sólarhringsvakt en er í samstarfi við Stjórnstöð LHG og Neyðarlínu (112) varðandi boðun og getur þannig brugðist við með skömmum fyrirvara. Stofnunin sinnir faglegum þætti viðbúnaðar vegna hvers kyns geislavár, m.a. á vettvangi, og samhæfingu viðbragða við alþjóðleg viðmið. Notkun jónandi geislunar er háð leyfi stofnunarinnar og tekur það til framleiðslu, innflutnings, eignar, geymslu, afhendingar og förgunar á geislavirkum efnum (geislalindum). GR annast eftirlit með þessum lindum, að þær séu tryggilega geymdar og notaðar rétt. GR heldur skrá um sérhverja geislalind og öll geislaþæki og við alla tengda starfsemi er sérstakur ábyrgðarmaður skipaður, sem ber m.a. þá ábyrgð að tilkynna um öll atvik er varða starfsemina. GR annast m.a. rauntímavöktun á heildargammageislun með fjórum síritandi mælum, einum á hverju landshorni. Þeir eru tengdir EURDEP kerfinu sem sýnir rauntímamæligildi fyrir Ísland og öll nágrannalönd. Þá rekur stofnunin mælistöð fyrir geislavirk efni í andrúmslofti (svifryk) sem staðsett er á höfuðborgarsvæðinu, en hún tilheyrir eftirlitskerfi CTBTO. Sú mælistöð er búin mælitækjum sem nema minnstu aukningu geislavirkra efna. GR hefur og til umráða næm skimunarkerfi og margvíslegan mælibúnað auk þess sem hún hefur rannsóknastofu með getu til að greina geislavirk efni í sýnum af mikilli nákvæmni. GR er tengiliður Íslands við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina (IAEA) sem fer með framkvæmd ýmissa alþjóðasamninga á sviði kjarnöryggis og geislavár. IAEA hefur gefið út fjölda rita um viðbúnað, kröfurit jafnt sem leiðbeiningar. Þessi rit eru undirstaða viðbúnaðar við geislavá um víða veröld og er svo einnig hér. Lýsing á samræmdu alþjóðlegu viðbúnaðarskipulagi vegna geislavár er í ritinu Joint Radiation Emergency Management Plan of the International Organizations, en bakhjarlar þess eru alþjóðastofnanirnar CTBTO, EADRCC, EC, EUROPOL, FAO, IAEA, ICAO, ILO, IMO, INTERPOL, OECD/NEA, PAHO, UNDP, UNEP, OCHA, OOSA, WHO og WMO. Aðild Íslands að RANET tryggir erlenda aðstoð ef til meiriháttar geislavár kæmi. RANET er kerfi á vegum IAEA þar sem aðildarríki skrá fyrirfram þau sérsvið sem styrkleikar þeirra og geta í viðbrögðum við geislavá liggja helst á. Kalli atvik á erlenda aðstoð fer af stað skilvirk miðlun hjálparbeiðna og -boða skv. viðurkenndu og æfðu ferli, m.a. með hliðsjón af viðmiðum í ritinu Guidelines on the Harmonization of Response and Assistance Capabilities for a Nuclear or Radiological Emergency. Náíð samstarf er með Norrænum geislavarnastofnunum, bæði formlegt og óformlegt. Haldnar eru sameiginlegar æfingar og samskiptaprófanir. Þessar stofnanir hafa unnið samræmd viðbrögð og viðmið og gefið út ritið Protective Measures in Early and Intermediate Phases of a Nuclear or Radiological Emergency – Nordic Guidelines and Recommendations. Við nánari auðkenningu hættu yrði stuðst við flokkun í hinu alþjóðlega INES kerfi.</p>
Greiningardeild RLS	<p>Annast vöktun vegna hryðjuverka og glæpastarfsemi. Tilkynnir og eflir vöktun ef grunur vaknar um að CBRNE atvik geti orðið af mannavöldum.</p>

3.1 Uppruni atviks

Áður en til virkjunar kemur þarf að kanna uppruna atviks og meta hugsanlegar afleiðingar. Afla þarf nauðsynlegra upplýsinga, meta afleiðingar og niðurstaðan gefur til kynna fyrsta áhættumat. Sjá töflu 3.2 á bls. 20. Handbók CBRNE er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir fyrsta áhættumat og fyrstu verkefni á vettvangi. Ef fyrstu upplýsingar vekja grun um að atvik geti ógnað lýðheilsu þarf að svara spurningu hvort rétt er að virkja áætlun þessa og á hvaða háskastigi almannavarna.

- Atvikið er af völdum baktería, veira, snýkjudyra eða annarra smitefna (B - Biological)
- Atvikið er af völdum efna (C - Chemical)
- Atvikið er af völdum geislunar (R - Radiological, N - Nuclear)
- Atvikið er af völdum sprengingar (E - Explosives) þar sem orsakavaldur er C, B, R eða N
- Atvikið er af óþekktum orsökum og fellur ekki undir ofantaldar skilgreiningar

3.2 Almanna- varnastig

Háskastig viðbragðsáætlana skilgreina alvarleika, umfang aðsteðjandi hættu og þörf á hraða við framkvæmd undirbúnings og viðbragð. Áætlunum almannavarna er skipt í þrjú almanna- varnastig (háskastig): **Óvissustig**, **hættustig** og **neyðarstig** samkvæmt reglugerð nr. 650/2009 um flokkun almanna- varnastiga. Áætlunin tekur mið af þessum stigum og stig er tilgreint við virkjun samkvæmt niðurstöðu fyrsta áhættumats (tafla 3.2 á bls. 20) um alvarleika atviks.

Óvissustig: Grunur vaknar um að yfirvofandi atburður geti valdið lýðheilsuógn og falli undir skilgreiningu á CBRNE atviki. Samstarf stofnana og samtaka er aukið og einnig upplýsingamiðlun. Vökun með atviki er eflid, áhættumat er endurskoðað svo oft sem þurfa þykir og birgðastaða nauðsynlegra bjarga er könnuð og skráð. Farið er yfir viðbragðsáætlanir og fyrirliggjandi verkferla. Ef tími gefst er fræðsluefni miðlað til hlutaðeigandi og haldnar æfingar þar sem sviðsmynd tengist yfirvofandi ógn.

Hættustig: Líklega er um að ræða atvik af völdum smits, eitrunar, geislunar eða óþekktri orsök sem talið er ógna lýðheilsu og fellur undir skilgreiningu á CBRNE atviki. Viðbragðsaðilar hefja tafarlausan undirbúning. Ferli sem fer í gang er það sama og þegar lýst hefur verið óvissustigi en verkefnum er hraðað sem verða má og önnur minna aðkallandi verkefni eru sett til hliðar.

Neyðarstig: Sterkar vísbendingar eða staðfesting hefur borist að atvikið sé af völdum smits, eitrunar, geislunar eða af óþekktri orsök sem talið er ógna lýðheilsu og fellur undir skilgreiningu á CBRNE atviki. Viðbrögð eru í samræmi við niðurstöðu áhættumats og handbók CBRNE er notuð sem verkfæri við skipulag frekari aðgerða. Önnur verkefni eru sett til hliðar.

3.3 Aðdragandi virkjunar - áhættumat

Vakni grunur um CBRNE atvik sem getur ógnað lýðheilsu er haft samband við SVL í síma 510-1933 sem:

- Kallar eftir frekari upplýsingum og leitar að frekari upplýsingum, sjá töflu 3.2, bls. 20
- Kallar eftir auknu samráði og boðar til samráðsfundar ef við á
- Leitar til sérfræðinga eftir frekari ráðgjöf
- Framkvæmir fyrsta áhættumat, sjá töflu 3.2 í samvinnu við avd-RLS og aðra hlutaðeigandi.

Við almennt áhættumat vegna allra CBRNE atvika er lagt mat á hve oft má búast við CBRNE atviki hér á landi eða við strendur eða í lofthelgi Íslands. Einnig er lagt mat á útbreiðsluleiðir sýkla/eiturs/geislunar eftir að atvik er staðfest og mögulegri sjúkdómsþróun í kjölfarið og/eða hækkandi dánartíðni (sjá mynd 3.1). Við mat á líkum á atviki er eftirfarandi lagt til grundallar:

Líkur á að atvik verði:

Litlar líkur: Meira en 100 ár líða á milli atvika

Meðal líkur: 1–100 ár líða á milli atvika

Miklar líkur: Atvik verður árlega og jafnvel oft á hverju ári.

ÁHÆTTUFLOKKUN Í LIT

Líkur á hættu

3 Miklar	Meðal	Hætt	Hætt
2 Meðal	Meðal	Meðal	Hætt
1 Litlar	Lágt	Meðal	Meðal
	1 Minniháttar	2 Nokkuð alvarlegar	3 Mjög alvarlegar

Afleiðingar

Mynd 3.1. Sýnir vægi áhættu miðað við áhrif og afleiðingar atviks. Áhætta sem metin er rauð kallar á viðbrögð.

Áhættumat - C (Chemical) - efni og E (explosives) - sprengingar:

Miklar líkur eru á atviki af völdum eiturefna samkvæmt sögulegum heimildum og þá helst vegna bruna, öskufalls, eitraðra gosefna eða klórgass. Að auki hefur orðið mikil fjölgun í heimsóknum ferðamanna og skipakomum fjölgað með tilheyrandi hættu á mengun í höfnum landsins. Með loftslagsbreytingum er spáð aukinni virkni eldfjalla og breytingum á faraldsfræði sjúkdóma. Sumarið 2018 varð mengun í neysluvatni í höfuðborginni í kjölfar óvenju mikillar rigningar. Mengunin var ekki það mikil að lýðheilsu væri ógnað en góð áminning um að vera á varðbergi.

Áhættumat - B (Biological) - sýklar:

Miklar líkur eru á staðbundnum sýkingum, samkvæmt sögulegum heimildum. Afleiðingar hafa verið allt frá því að vera minniháttar til þess að vera mjög alvarlegar. Vegna mikillar aðsóknar ferðamanna hefur orðið mikil fjölgun veitingastaða og samhliða eykst hættan á hópsýkingu vegna neyslu á menguðum mat. Umferð um Keflavíkurflugvöll eykst með hverju ári.

Um Keflavíkurflugvöll fóru um 8 milljónir manna árið 2017 og spár gera ráð fyrir að fjöldinn árið 2018 verði um 10 milljónir manna. Þá er í bígerð að hefja beint flug frá Keflavík til fjarlæggra landa sem eykur jafnframt líkur á að hingað berist sjúkdómar og bent hefur verið á það í hliðstæðu áhættumati vegna farsóttta.

Áhættumat - RN (Radiological, Nuclear) - geislun:

Ekki hefur þurft að grípa til bráðra viðbúnaðaraðgerða vegna alvarlegs geislaslyss á Íslandi og harla ólíklegt að svo verði. Geislavarnir ríkisins annast gerð áhættumats vegna geislavár og var slíkt áhættumat síðast unnið í árslok 2018. Áhættumatið fjallar um ógnir vegna geislavirkra efna samkvæmt flokkun Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar (IAEA) í ritinu „[Preparedness and Response for a Nuclear or Radiological Emergency](#)“ (GSR-7) sem út kom árið 2015 en það fjallar um kröfur vegna viðbúnaðar og viðbragða við kjarnorku- og geislaslysum. Áhættumatið nær ekki til beitingar kjarnavopna eða atvika tengdum þeim.

3.4 Formleg virkjun

Niðurstaða áhættumats segir til um virkjun áætlunar og ákvörðunar um almannavarnastig (háskastig). Áhættumat er endurtekið svo oft sem þurfa þykir og almannavarnastigi er breytt samkvæmt niðurstöðu áhættumats.

Vettvangur CBRNE atviks er oft ekki ljós og afleiðingar atviks koma ekki alltaf í ljós fyrr að ákveðnum tíma liðnum. Má nefna að einstaklingur getur verið einkennalaus en bráðsmitandi. Dæmi um þetta er mislingasmit í flugvél. Margir um borð verða útsettir fyrir mislingaveiru og veikindi koma upp síðar. Flugvélin er þá vettvangur smits. Virkjun verður alltaf háð mati viðbragðsaðila og sviðsábyrgðaraðila. Virkja má áætlun að hluta og eins má virkja eftir að viðbragð eru komin í gang.

Vinna má samkvæmt [Handbók CBRNE](#) og gátlistum í 8. kafla viðbragðsáætlunar CBRNE án þess að til virkjunar komi.

Umdæmislæknar sóttvarna, lögreglustjórar og slökkviliðsstjórar hlutaðeigandi umdæmis bera ábyrgð á virkjun áætlunarinnar að fullu eða að hluta í samvinnu við sóttvarnalækni og ríkislögreglustjóra. Allir þeir sem hlutverk hafa samkvæmt 8. kafla þessarar áætlunar geta óskað eftir virkjun áætlunar með því að hafa samband við 112 og biðja um samband við bakvakt almannavarna eða sóttvarnalækni í síma 510-1933.

Umdæmis- og/eða svæðislæknir sóttvarna framkvæmir fyrsta áhættumat í samvinnu við lögreglustjóra, slökkviliðsstjóra og aðra hlutaðeigandi samkvæmt töflu 3.2 og samkvæmt Handbók CBRNE.

Þegar niðurstaða fyrsta áhættumats liggur fyrir er tekin ákvörðun um virkjun í samráði við hlutaðeigandi.

Að lokinni ákvörðun um virkjun hefur lögreglustjóri/bakvakt almannavarna samband við 112 og óskar eftir boðun viðbragðsaðila, sjá boðunarskrár í kafla 4.

Tafla 3.2 Fyrsta upplýsingaöflun og fyrsta áhættumat vegna CBRNE atviks

Atvik	Spurningar er varða lýsingu, áhættumat og viðbrögð	Upplýsingaveitur
<p>Lýsing á atviki.</p> <p>Uppruni og afleiðingar.</p> <p>Áhrif talin lítil, miðlungs eða mikil.</p> <p>Niðurstaða áhættumats segir til um virkjun áætlunar og almannavarnastig (óvissu-, hættu- eða neyðarstig).</p>	<ul style="list-style-type: none"> - Hvenær varð vart við atvik? - Er vitað hvenær atvik hófst? - Hvert er eðli atviks, smitefni, eiturefni, geislun eða ekki vitað? - Er atvikið þekkt eða óvenjulegt? - Hver er fjöldi þolenda? - Hversu margir eru með einkenni/hlutfall farþega og áhafnar? - Eru mannslíf í hættu? Hefur orðið dauðsfall vegna atviks? - Er til meðferð? - Stærð vettvangs, byggingar, opin svæði, ár, vatn, sjór, loft? - Getur mengun dreifst yfir stórt svæði - mikil útbreiðsla? - Er þéttbýli í nágrenni vettvangs? - Við mengun, hver er alvarleiki veikinda af völdum mengunar? - Við smitefni, hver er smitstuðullinn og alvarleiki sýkingarinnar? - Eru áhættuhópar þekktir, t.d. börn, aldrafir? - Geta utanaðakomandi þættir haft áhrif, t.d. veðurfar? - Er þróun atviks alvarlegra en búast má við? - Eru til upplýsingar um svipað atvik á öðrum vettvangi? 	<p>Lögregla</p> <p>Starfsmenn sveitarfélaga</p> <p>Heilbrigðiseftirlit</p> <p>Heilbrigðisstarfsmenn</p> <p>Neyðarlínan</p> <p>Almannavarnir</p> <p>Erlendir samstarfsaðilar s.s. ECDC, EWRS.</p> <p>Íbúar á svæðinu og almenningur</p>
Fyrstu viðbrögð	<ul style="list-style-type: none"> - Er heilbrigðisþjónusta staðsett í nágrenni? - Eru leiðbeiningar fyrirbyggjandi? - Hafa fyrstu ráðstafanir þegar verið gerðar? Þarf að auka viðbrögð án tafar? - Hvaða viðbragðsaðila þarf að boða? - Þarf að undirbúa sýnatöku frá fólki eða umhverfi? - Þarf að efla vöktun? - Þarf að undirbúa afkvíun/einangrun? - Þarf að undirbúa samráðsfund viðbragðsaðila? - Þarf að efla upplýsingaflæði til þeirra sem eru á skilgreindum vettvangi? 	Viðbragðsaðilar
Skilgreina eðli atviks	<ul style="list-style-type: none"> - <i>Við smitefni:</i> Alvarleiki, smitleið og smitstuðull, meðgöngutími, meðferð, faraldsfræðileg staða? - <i>Við smitferju:</i> Uppruni, smitleiðir, áhrif á heilsu, magn. - <i>Við eiturefni/geislavirk efni:</i> Alvarleiki, möguleikar á dreifingu, meðferð, móteitur, eiturvirki, hvarfgirni, magn? - <i>Áhrif á lýðheilsu og umhverfi:</i> Möguleg dreifing yfir landamæri? - Er atvikið óvanalegt eða óvænt sem krefst aukinnar árvekni? 	<p>IHR – Viðauki 1</p> <p>IHR – Viðauki 2</p> <p>Leiðbeiningar WHO um notkun IHR – Viðauki 2.</p>
<p>Fyrsta áhættumat</p> <p>Er áhætta fyrir lýðheilsu lítil, miðlungs eða mikil? Miðlungs- og mikil áhætta kallar á virkjun áætlunar.</p>	<ul style="list-style-type: none"> - Meta þarf alvarleika atviks - lítil, miðlungs eða mikil. - Er hægt að draga úr áhrifum þess? - Getur heilsuváin náð til margra einstaklinga - valdið hrinu eða faraldri? - Getur heilsuváin náð útbreiðslu á landi eða yfir landamæri? - Eru vísbendingar um að smitefnið, smitferjan eða smitgeymirinn geti borist yfir landamæri? - Getur umhverfismengun farið yfir landamæri? - Er hægt að afmenga vettvanginn? - Hefur atvikið áhrif á millilandaflug/millilandasiglingar eða alþjóðaviðskipti? 	<p>IHR – viðauki 1.</p> <p>IHR – Viðauki 2.</p> <p>Leiðbeiningar WHO um notkun IHR – Viðauki 2.</p>
<p>Er hægt að hafa hemil á útbreiðslu áhrifa?</p> <p>Geta áhrifin teygt sig yfir landamæri og valdið alþjóðlegri lýðheilsuógn?</p> <p>Ef svarið er „já“ þá þarf að tilkynna atvikið til WHO.</p>	<ol style="list-style-type: none"> I. Varðandi sýkla þarf að taka tillit til smitdreifingar og smitstuðuls (R_0). II. Varðandi smitferjugeyma (<i>vectors harbourage</i>) þarf að skoða hvort þeir geta dreift sér um vettvang og hvort þeir geta tekið sér bólfestu á vettvangi. III. Varðandi eiturefni og geislavirk efni þarf að taka tillit til þess hvort hægt sé að hafa hemil á losuninni, losunarmagni afgangsefna, losunarleiðum og mögulegri mengun sem kann að hafa áhrif á aðliggjandi svæði. IV. Hvaða umhverfisáhrif? 	<p>IHR – Viðauki 1</p> <p>IHR – Viðauki 2</p> <p>Leiðbeiningar WHO um notkun IHR – Viðauki 2</p>

4.0 Boðun

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um virkjun viðbragðsáætlunar hefur avd-RLS eða hlutaðeigandi lögreglustjóri samband við 112 og óskar eftir virkjun viðbragðsáætlunar vegna CBRNE atvika.

Neyðarlínan boðar samkvæmt fyrirbyggjandi boðunarskrám sjá kafla 4.1, 4.2 og 4.3.

Viðbragðsaðilar eru boðaðir og upplýstir um:

- a. Háskastig (óvissustig, hættustig, neyðarstig).
- b. Hvort um er að ræða sýkla, eitrun, geislun eða sprengingu af þessum völdum.
- c. Staðsetningu atviks ef staðsetning er þekkt.

SVL skal upplýsa ráðherra um virkjun áætlunarinnar svo fljótt sem verða má og sem landstengiliður Íslands tilkynnir hann atvik til **Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO)**.

Tímamörk SVL vegna tilkynningar á atviki til WHO:

- 24 klst. eru gefnar til að meta atvik eftir að ríkisstjórn Íslands hefur verið gert viðvart.
- 24 klst. eru gefnar til að tilkynna um mögulega lýðheilsuógn.
- 24 klst. eru gefnar til að tilkynna um hugsanlega alþjóða lýðheilsuógn utan eigin landamæra.

Tímamörk SVL til að staðfesta móttöku tilkynninga frá WHO:

- 24 klst. eru gefnar til að senda fyrsta svar við beiðni WHO þar sem fram koma fyrstu lýðheilsuupplýsingar (fyrsta stöðuskýrsla).
- 24 klst. eru gefnar til að ná niðurstöðu með aðalframkvæmdastjóra WHO um hvort atvik sé alþjóðleg lýðheilsuógn áður en það er sent áfram til bráðanefndar IHR, sem metur stöðu atviksins.

SVL upplýsir umdæmis- og svæðislækna sóttvarna, faglega yfirmenn heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa, rekstraraðila sjúkraflutninga, Lyfjastofnun sem upplýsir dreifingaraðila lyfja, lækningatækja og hjúkrunarvara, Umhverfisstofnun og Matvælastofnun. Nefndir aðilar halda boðun áfram samkvæmt fyrirbyggjandi boðunarskrám í eigin vörslu.

Avd-RLS upplýsir lögreglustjóra, Samband íslenskra sveitarfélaga, slökkvilið, Vegagerðina, Samtök atvinnulífsins, ASÍ og önnur samtök launafólks, Rauða krossinn á Íslandi, Slysavarnafélagið Landsbjörgu, Fangelsismálastofnun, Biskupsstofu sem upplýsir önnur trúfélög, yfirmenn kirkjugarða, útfararþjónustur og fleiri aðila nefnda í þessari áætlun. Nefndir aðilar halda boðun áfram samkvæmt fyrirbyggjandi boðunarskrám í eigin vörslu.

Neyðarlínan/FMR skal tryggja boðun með SMS skilaboðum til hlutaðeigandi viðbragðsaðila samkvæmt boðunarlista í þessari áætlun. Einnig skal Neyðarlínan/FMR koma upplýsingum til Bjarga á leið á vettvang á TETRA talhópi **Blár X – 0 og öðrum viðeigandi fjarskiptum**.

Afboðun ráðstafana

Ákvörðun um afboðun eða breytingu á háskastigi er tekin af SVL í samráði við avd-RLS og hlutaðeigandi AST. SVL upplýsir ráðherra um afléttingu ráðstafana um leið og ákvörðun hefur verið tekin.

Avd-RLS/SST/AST tilkynna afboðun eða breytingar á háskastigi til Neyðarlínu sem sér um framkvæmd afboðunar og sendir tilkynningu til viðbragðsaðila með SMS. Avd-RLS/SST/AST tilkynna breytingar á háskastigum á viðeigandi fjarskiptum (Tetra, VHF) til þeirra viðbragðsaðila og stofnana sem hafa verið virkjaðir.

4.1 Óvissustig

Neyðarlínan - 112 boðar með SMS:

ÓVISSUSTIG: Grunur um CBRNE atvik – (XXXXXX) - staðsetning

Tafla 0.1 ÓVISSUSTIG boðunarskrá Neyðarlínunnar við CBRNE atvik.

Aðilar boðaðir samkvæmt upplýsingum úr bjargargrunni 112

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra - bakvakt

Sóttvarnalæknir

AST umdæmisins (lögreglustjóri)

Brunavarnir (slökkvilið) umdæmis

Heilbrigðisstofnun innan sóttvarnaumdæmis - vakthafandi læknir

Landspítali - vakthafandi smitsjúkdómalæknir

Landspítali - viðbragðsstjórn

Landspítali - Eitrunarmiðstöð ef um eiturefni er að ræða

Landsstjórn björgunarsveita - bakvakt

LHG - stjórnstöð/JRCC

Sjúkraflutningar

Umdæmis- og svæðislæknir sóttvarna (umd/svæ-SVL)

- SVL upplýsir fulltrúa annarra heilbrigðisstofnana sem þurfa þykir, heilbrigðiseftirlit svæðisins, Geislavarnir ríkisins, Landspítala og Sjúkrahúsið á Akureyri.
- Avd - RLS upplýsir lögreglustjóra, aðrar deildir RLS, Samgöngustofu og fulltrúa annarra stofnana sem þurfa þykir.

4.2 Hættustig

Neyðarlínan - 112 boðar með SMS:

HÆTTUSTIG: Líklega CBRNE atvik –(XXXXXX) staðsetning

Tafla 0.2 HÆTTUSTIG boðunarskrá Neyðarlínunnar við CBRNE atvik

Avd - RLS - bakvakt
AST umdæmisins (lögreglustjóri)
Brunavarnir (slökkvilið) umdæmis
Heilbrigðisstofnun umdæmis - viðbragðsstjórn
Landsstjórn björgunarsveita - bakvakt
Landspítali - vakthafandi smitsjúkdómalæknir
Landspítali - bráðasvið, stjórnendur
Landspítali - Eitrunarmiðstöð ef um eiturefni er að ræða
Lögregla
LHG - stjórnstöð/JRCC
RKÍ - neyðarmiðstöð
Ríkislögreglustjórinn - kennslanefnd ID nefnd
Ríkislögreglustjórinn - fjarskiptamiðstöð
Samgöngustofa
Sjúkraflutningar
Sóttvarnalæknir
SST
Umdæmis- og svæðislæknir sóttvarna (umd/svæ-SVL)
Umhverfisstofnun - útkallshópur

- SST sér um að kalla til aðila eftir þörfum hverju sinni í samstarfi við AST

4.3 Neyðarstig

Neyðarlínan - 112 boðar með SMS:

NEYÐARSTIG: CBRNE atvik – (XXXXX) staðsetning

Tafla 4.3 NEYÐARSTIG boðunarskrá Neyðarlínunnar við CBRNE atvik

Aðilar boðaðir samkvæmt upplýsingum úr bjargargrunni 112

Avd - RLS - bakvakt
AST umdæmisins (lögreglustjóri)
Brunavarnir (slökkvilið) umdæmis
Heilbrigðisstofnun umdæmis - viðbragðsstjórn
Landsstjórn björgunarsveita - bakvakt
Landspítali - vakthafandi smitsjúkdómalæknir
Landspítali - bráðasvið, stjórnendur
Landspítali – Eitrunarmiðstöð ef um eiturefni er að ræða
Lögregla
LHG - stjórnstöð/JRCC
RKÍ - neyðarmiðstöð
Ríkislögreglustjórinn - kennslanefnd ID nefnd
Ríkislögreglustjórinn - fjarskiptamiðstöð
Samgöngustofa
Sjúkraflutningar
Sóttvarnalæknir
SST
Umdæmis- og svæðislæknir sóttvarna (umd/svæ-SVL)
Umhverfisstofnun - útkallshópur

- SST sér um að kalla til aðila eftir þörfum hverju sinni í samstarfi við AST

4.5 Tengsl við aðrar áætlanir

Hægt er að virkja aðrar áætlanir samhliða eða í kjölfar virkjunar CBRNE áætlunar. Við virkjun fleiri áætlana er tekin formleg ákvörðun þar að lútandi og ábyrgð færist um leið yfir á þá aðila sem eru skráðir ábyrgðaraðilar samkvæmt hverri áætlun fyrir sig.

Viðbragðsáætlanir sóttvarna og leiðbeiningar vegna sóttvarna

Áætlanir og leiðbeiningar vegna sóttvarna eru vistaðar á [vef embættis landlæknis](#). Ef aðilar verða varir við slæm inflúensutilfelli á alþjóðaflugvelli má virkja [Landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu](#), svo dæmi sé tekið. Fyrirliggjandi er [viðbragðsáætlun sóttvarna fyrir skip í lögsögu Íslands og fyrir stærri hafnir](#). Einnig er fyrirliggjandi [viðbragðsáætlun sóttvarna fyrir alþjóðaflugvelli](#).

Sóttvarnalæknir miðlar leiðbeiningum er varða viðbrögð við smitsjúkdómum. Þegar grunur vaknar um matarborinn sjúkdóm eykst samvinna hlutaðeigandi samkvæmt [Leiðbeiningum við rannsókn á matarbornum sjúkdómum](#) sem finna má á vef embættis landlæknis og Matvælastofnunar.

Vinna er hafin við gerð leiðbeininga sem varða grun um mengun í neysluvatni.

Viðbragðsáætlanir vegna ólögmætra atvika

Ef um ólögmætan atburð er að ræða má virkja þessa áætlun og neyðaráætlanir vegna ólögmætra atvika eða hryðjuverka á sama tíma. Sama stjórnkerfi er í öllum áætlunum en starfssvæði kunna að breytast og við ólögmæt atvik færist ábyrgð til lögregluþyrvalda ef atvik er í landi og til LHG ef atvik er í hafi eða um borð í skipi úti á sjó. Neyðaráætlanir vegna flugverndar eða hafnarverndar virkjast ef um er að ræða vopnamál í loftfari, skipi eða í farþegaaðstöðu.

Viðbragðsáætlanir vegna bráðamengunar innan hafnarsvæða og mengun hafs og stranda

<https://www.faxafloahafnir.is/hafnarthjonusta/vidbragdsaaetlanir/>

[Aðgerðaáætlun Umhverfisstofnunar, Landhelgisgæslu Íslands og Samgöngustofu um viðbrögð við bráðamengun utan hafna og notkun skipaafdrepa](#) segir fyrir um hvernig bregðast eigi við vegna óhappa á sjó er varða skip í efnahagslögsögu Íslands sem ógna siglingaöryggi eða hætta er á að valdi umhverfistjóni. Áætluninni er ætlað að tryggja fumlaut verklag og framkvæmd viðbragða vegna bráðamengunar og hefja má mengunarvarnastörf með virkjun aðgerðaáætlunar samhliða öðrum sóttvarnaaðgerðum. Áætlunin er vistuð á vef UST.


Viðbragðsáætlanir vegna hópslysa

Avd-RLS birtir viðbragðsáætlanir vegna hópslysa á vef almannavarna. Allar áætlanir innihalda sama stjórnskipulag þó viðbragðsaðilum á vettvangi geti fjölgað.

Viðbragðsáætlanir sveitarfélaga

Mörg sveitarfélög hafa gert eigin viðbragðsáætlun og þær eru vistaðar á vef viðkomandi sveitarfélags. Virkja má áætlanir sveitarfélaga samhliða CBRNE áætlun.

5.0 Stjórnkerfi almannavarna



Mynd 5.1 Boðleiðir og stjórnkerfi í almannavarnaástandi, ógn er varðar lýðheilsu

5.1 Stofnanir sem bera ábyrgð á viðbrögðum í CBRNE atviki

Þær stofnanir/aðilar sem bera lykilábyrgð á viðbrögðum við CBRNE atviki eru eftirfarandi:

- Ríkislögreglustjórinn, almannavarnadeild samhæfir aðgerðir á landsvísu.
- Sóttvarnalæknir, umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna, heilbrigðisstofnanir og sjúkrahús vegna heilsu manna.
- Matvælastofnun og héraðsdýralæknar vegna heilsu dýra og öryggi matvælaframleiðslu.
- Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga vegna umhverfisþátta.
- Geislavarnir ríkisins vegna geislunar.
- Mannvirkjastofnun sem hefur umsjón með menntun slökkviliðsmanna og verklagi á vettvangi.
- Slökkviliðsstjórar og slökkvilið (brunavarnir) vegna fyrstu viðbragða á vettvangi.
- Lögreglan vegna fyrstu viðbragða á vettvangi og vöktunar vettvangs.
- Landhelgisgæslan vegna atviks í hafi eða við strendur Íslands.
- Veðurstofa Íslands vegna vöktunar á CBRNE atvikum sem geta orðið vegna eldfjalla og/eða jarðhitavirkni.

Margar aðrar stofnanir hafa hlutverki að gegna og eru verkefni stofnana/eininga skráð í kafla 8.

5.2 Sveitarfélögin og stofnanir á þeirra vegum

[Samband íslenskra sveitarfélaga](#) er sameiginlegur málsvari sveitarfélaga í landinu. Sveitarstjórnir fara með almannavarnir í héraði í samvinnu við ríkisvaldið. Sveitarfélögin reka heilbrigðiseftirlit skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaga sinna eftirliti með efnavörum, hollustuháttum, matvælum, mengandi starfssemi og umhverfisgæðum innan heilbrigðiseftirlitssvæða. Rekstur slökkviliða er á forræði sveitarfélaga. Atvinnuslökkvilið eru fjögur og hjá þeim er sólarhringsvakt. Þau eru staðsett á Suðurnesjum, á Akureyri, í Fjarðabyggð og á höfuðborgarsvæðinu. Þau sinna meðal annars viðbúnaði við mengunaróhöppum á landi, atvinnuslökkvilið geta ekki yfirtekið hlutverk annarra slökkviliða nema um það sé gerður skriflegur samningur. Um fjórðungur íslenskra sveitarfélaga rekur hafnir og [Hafnasamband Íslands](#) var stofnað að frumkvæði Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hlutverk þess er að efla samstarf hafnanna, vinna að sameiginlegum hagsmunamálum og miðla reynslu/upplýsingum. Sveitarfélög eiga eigin viðbragðsáætlanir og tryggja að þær nái til atvika sem skilgreind eru sem CBRNE atvik.

5.3 Samráð innanlands og á milli landa

Tafla. 5.1 Innlent samstarf og samráð

Innlent samstarf	
Almannavarna- og öryggismálaráð SST og AST	Stefna stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum er mörkuð af almannavarna- og öryggismálaráði til þriggja ára í senn. Forsætisráðherra kallar ráðið saman til fundar. Lög um almannavarnir nr. 82/2008. SST og AST umdæma framfylgja stefnu stjórnvalda á hættu- og neyðarstigi.
Flugvirkarráð	Hlutverk flugvirkarráðs er meðal annars að vera samráðsvettvangur um framkvæmd, samvinnu og áætlanagerð á sviði flugverndar. Lög um loftferðir nr. 60/1998 og reglugerð um flugvirkt nr. 1025/2012
Neyðarsamstarf raforkukerfisins (NSR)	Samráðsvettvangur fyrirtækja sem framleiða raforku, dreifa henni, stórnotenda og opinberra aðila vegna vár sem steðja kann að vinnslu, flutningi eða dreifingu raforku og/eða stórnotendum. Markmiðið er að veita aðstoð og samræma aðgerðir þegar vá ber að dyrum.
Samráðsnefnd um stórslysavarnir í iðnaði	Samráðsvettvangur á grundvelli reglugerðar nr. 1050/2017 um varnir gegn stórslysum af völdum hættulegra efna . Nefndina skipa fulltrúar Vinnueftirlitsins, UST, HMS og avd-RLS. Fulltrúi Vinnueftirlitsins veitir nefndinni forstöðu. Undir reglugerðina falla fyrirtæki sem geyma eða vinna með mikið magn hættulegra efna. Hvað telst mikið magn er skilgreint í I viðauka reglugerðarinnar og eru stöðvar flokkaðar í lægri og hærri mörk eftir magninu sem þær eru með. Magnið getur verið niður í nokkur kg ef efnin eru þess eðlis og talin hættuleg.
Sóttvarnaráð	Sóttvarnaráð mótast stefnu í forvörnum og er heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma. Ráðið hefur aðsetur hjá sóttvarnalækni og sóttvarnalæknir er ritari ráðsins.
Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir (SSUS)	Heilbrigðisráðherra skipar í samstarfsnefnd um sóttvarnir (SSUS), en nefndin aflar nauðsynlegra gagna og hefur yfirumsjón með nauðsynlegum aðgerðum til að meta og uppræta smithættu eða hættu sem stafar af dýrum, matvælum, starfsemi, vatni, skolplögnum, loftræstingu eða öðru sem getur dreift smitnæmum sjúkdómsvöldum, eiturefnum eða geislavirkum efnum sem ógna lýðheilsu. Nefndinni er heimill aðgangur að nauðsynlegum gögnum og stöðum sem hún telur nauðsynlegt að skoða og getur fengið til þess aðstoð lögreglu ef með þarf. Nefndin gefur þeim sem hafa eftirlit með dýrum, matvælum og umhverfi fyrirmæli um að grípa án tafar til nauðsynlegra aðgerða til að uppræta hættu af völdum smits, eiturefna eða geislavirkra efna.
Þjóðaröryggisráð	Þjóðaröryggisráð hefur eftirlit með því að þjóðaröryggisstefna fyrir Ísland sé framkvæmd í samræmi við ályktun Alþingis og skal vera samráðsvettvangur um þjóðaröryggismál. Ráðinu er enn fremur ætlað að meta ástand og horfur í öryggis- og varnarmálum og fjalla um önnur málefni sem varða þjóðaröryggi. Lög um þjóðaröryggisráð nr. 98/2016.

Tafla. 5.2 Erlent samstarf og samráð

Erlent samstarf	
Evrópusamstarf	Sóttvarnalæknir er tengiliður Íslands við ECDC og skipar tengiliði vegna einstakra verkefna, svo sem vegna vöktunar, viðbúnaðar og viðbragða
Norrænt samstarf	SVL er fulltrúi ráðherra í samstarfhópi Norðurlanda á sviði heilbrigðisviðbúnaðar, Nordic Health Preparedness Group (Svalbard Group). Í hópnum situr einnig framkvæmdastjóri flæðisviðs LSH.

5.4 Stjórnskipulag almannavarna

Ríkislögreglustjóri annast málefni almannavarna í umboði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og starfrækir almannavarnadeild, sem vinnur að verkefnum á sviði almannavarna, en ríkið fer með almannavarnir á landinu öllu, hvort heldur sem er á landi, í lofti eða á sjó. Ríkislögreglustjóri hefur umsjón með að ráðstafanir séu gerðar í samræmi við stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum í samræmi við lög um almannavarnir nr. 82/2008. Samkvæmt 11. grein sömu laga er það hlutverk lögreglustjóra að fara með stjórn almannavarna þegar almannavarnaástand ríkir, hver í sínu umdæmi. Landinu er skipt upp í níu lögregluumdæmi samkv. reglugerð nr. 1150/2014, sjá mynd 5.1.

Samhæfingarstöðin (SST) - Staðsetning og skipan

SVL og avd-RLS eru stjórnendur SST ef CBRNE atvik er á landi en samhæfing á sjó er á ábyrgð LHG. Verkefni SST eru að halda uppi virku sambandi við AST umdæma, skipuleggja stuðning, útvega bjargir samkvæmt beiðni og stýra heildarsamhæfingu. SST myndar samband við þær ríkisstofnanir sem veita aðstoð, heilbrigðisstofnanir og erlendar stofnanir. SST virkjar samráðshóp áfallahjálpar. SST vinnur samkvæmt SÁBF verkþáttaskipuriti.

Aðgerðastjórnir (AST) - Staðsetning og skipan

Lögreglustjóri og umdæmis-/svæðislæknir sóttvarna eru aðgerðastjórnendur innan umdæma við CBRNE atvik á landi sem talin eru geta valdið lýðheilsuógn. AST umdæma/stjórnstöð LHG starfa náið með SST, heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga, flugrekendum er um ræðir og aðilum sem tengjast eða geta aðstoðað á einhvern hátt. Verkefni AST eru stjórn, samhæfing, upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun. AST tryggir hnökralaus samskipti við alla hlutaðeigandi. AST vinnur samkvæmt SÁBF verkþáttaskipuriti. LHG og SVL eru aðgerðastjórnendur ef atvik er á sjó

Vettvangsstjórn (VST) - Staðsetning og skipan

Stjórn og samhæfing á vettvangi er í höndum vettvangsstjóra sem er tilnefndur af lögreglustjóra. Samhæfing á sjó er í höndum LHG. VST er bakland verkþáttastjóra. Verkefni VST eru heildarstjórn og samhæfing aðgerða á vettvangi í samræmi við verkþáttaskipuritið SÁBF samkvæmt umboði lögreglustjóra eða LHG (ef atvik er á sjó) og skráir aðgerðir á vettvangi. VST tryggir hnökralaus samskipti/fjarskipti við alla aðila innan skilgreinds vettvangs. VST á sjó er á forræði LHG

Verkþáttastjórnar

Stýra og samhæfa verkþætti á vettvangi í samvinnu við VST

Aðhlyningarstjóri	Gæslustjóri	Flutningastjóri	Björgunarstjóri - SÓTT
Umdæmis- /svæðislæknir sóttvarna tilnefnir	Lögreglustjóri umdæmis tilnefnir	Svæðisstjórn SL /rekstraraðili sjúkraflutninga tilnefnir	Slökkviliðsstjóri sveitarfélags tilnefnir

Mynd 5.1 Skipulag almannavarna, SST, AST og VST. Verkefni á hverju stjórnstigi við CBRNE atvik á landi, sjó eða í lofti.

Samhæfingarstöðin (SST)

Við virkjun viðbragða vegna CBRNE atviks fer stjórnun eftir eðli atviks.

SST stýrir heildarsamhæfingu vegna aðgerða, heldur virku sambandi við AST og skipuleggur stuðning við umdæmin. Kallar til frekari bjargir samkvæmt beiðni hverju sinni.

Sóttvarnalæknir gefur leyfi fyrir flutningi á veikum einstaklingum á milli sóttvarnaumdæma.

SST er til húsa í Björgunarmiðstöðinni, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík.


SST er skipuð fulltrúum eftirfarandi eininga/stofnana:

- Ríkislögreglustjórinn – almannavarnadeild
- Ríkislögreglustjórinn – fjarskiptadeild
- Ríkislögreglustjórinn – sérsveit
- Sóttvarnalæknir
- Landspítalinn
- Landhelgisgæslan
- Slysavarnafélagið Landsbjörg
- Rauði krossinn
- Samband íslenskra sveitarfélaga
- Vegagerðin
- Isavia

Helstu SST eftir virkjun áætlunar á hættu- og neyðarstigi eru við eftirfarandi:

- Vinna samkvæmt verkþáttaskipuriti AST á bls. 31. Víkja má frá skipuritinu ef þörf er talin þar á.
- Endurtekið áhættumat, sjá töflu 3.1.
- Samhæfing aðgerða á landsvísu og á milli umdæma.
- Samskipti við höfuðstöðvar þeirra viðbragðsaðila sem eru við störf.
- Samskipti við þær heilbrigðisstofnanir sem taka á móti veikum eða útsettum en einkennalausum einstaklingum.
- Samskipti við þær stofnanir/fyrirtæki/félagasamtök sem veita aðstoð.
- Virkjun fjölmiðlateymis sem þá starfar á forræði SST og tekur að sér stjórn fjölmiðlaseturs og miðlar upplýsingum á þann hátt sem best hentar hverju sinni.

SST CBRN



Mynd 5.3 Verkbáttaskipurit SST

Aðgerðastjórn (AST)

Stjórn aðgerða í almannavarnaástandi á landi er í höndum lögreglustjóra umdæmis. Hann situr í AST ásamt fulltrúum viðbragðsaðila. Við virkjun áætlunar vegna CBRNE fer umdæmislæknir sóttvarna eða fulltrúi hans með stjórn sóttvarnaráðstafana. Umhverfisstofnun fer með stjórn mengunarvarna í umhverfi, vöktun loftgæða og miðlun upplýsinga um loftgæði. Matvælastofnun ber ábyrgð á menguðum matvælum og eftirliti með dýrum og matvælaframleiðslu. Lögreglustjóri stýrir aðgerðum ef atvik er í landi/LHG ef atvik er á sjó tilnefna þessir aðilar vettvangsstjóra sem stjórnar og samhæfir á vettvangi í samvinnu við hlutaðeignandi viðbragðsaðila. AST lögregluumdæma gera eigin gátlista er varðar viðbrögð við atviki.


AST er þannig skipuð:

- Lögreglustjóri umdæmis eða fulltrúi hans.
- Umdæmis- eða svæðislæknir sóttvarna (umd/svæ-SVL).
- Yfirlögregluþjónn og aðstoðaryfirlögregluþjónn.
- Fulltrúi hlutaðeigandi almannavarnanefndar.
- Fulltrúi heilbrigðisstofnunar/sjúkraflutninga.
- Hlutaðeigandi slökkviliðsstjóri.
- Fulltrúi Rauða krossins á Íslandi.
- Fulltrúi hlutaðeigandi svæðisstjórnar SL.
- Aðrir eru kallaðir til eftir eðli atviks.

Helstu verkefni AST:

- Stjórn, samhæfing og forgangsröðun heildaraðgerða innan aðgerðasvæðisins.
- Vinna samkvæmt verkþáttaskipuriti AST á bls. 33. Víkja má frá skipuritinu ef þörf er talin þar á.
- Endurtekið áhættumat, sjá töflu 3.1.
- Faraldsfræðirannsókn og rakning smitleiða með upplýsingaöflun í samvinnu við SVL.
- Tryggja grundvallarsmitgát/mengunarvarnir/hindra útbreiðslu.
- Samskipti við vettvangsstjóra.
- Samskipti við heilbrigðisstofnanir innan umdæmis.
- Virkjun starfseininga innan umdæmisins, umfram áætlun þessa.
- Heildarskipulag fjarskipta og annarra samskipta innan aðgerðasvæðisins.
- Samskipti við Samhæfingarstöðina, SVL og aðrar stofnanir/fyrirtæki eftir atvikum.
- Samskipti við fjölmiðla samkvæmt talnótum SVL.
- Tryggja að upplýsingar um þolendur og fjölda þeirra berist til rétttra aðila.
- Upplýsingamiðlun.

AST_{CBRN}



Mynd 5.4 Verkbáttaskipurit AST

Tafla 5.3 Fylgitafla með verkþáttaskipuriti AST

STJÓRNUN	Tryggja virkni Áætlana, Bjarga og Framkvæmda Heildarsýn, stýring og samhæfing
Tengiliðir	Þegar sérstakar einingar, utan hefðbundinna viðbragðsaðila, starfa á vettvangi eða koma að málum getur verið heppilegt að hafa sérstaka tengiliði þeirra við stjórn aðgerðanna t.d.: <ul style="list-style-type: none"> ▪ Björgun búpenings, aflífun eða flutninga. ▪ Björgun verðmæta. ▪ Úttekt á nothæfi bygginga, styrkingu þeirra eða niðurbroti. ▪ Rafvæðingu mikilvægra staða og bráðabirgðaviðgerðir rafkerfis. ▪ Sambandskerfi, bráðabirgðaviðgerðir (sími, fjarskipti). ▪ Vatnsmiðlun v/slökkvistarfa og mikilvægrar þjónustu. ▪ Varnaraðgerðir vegna hraunrennslis, öskufalls eða flóða.
Fjölmiðlar	Huga þarf að öflun upplýsinga fyrir fjölmiðla eða vegna spurninga frá þeim. Skipuleggja þarf aðgang fjölmiðlafólks að stjórn aðgerðanna eða tilnefnds fjölmiðlafulltrúa. Vettvangsstjóri skal vera viðbúinn því að svara fyrirspurnum fjölmiðla og veita þeim upplýsingar um skipulag og framkvæmd björgunarstarfa á slysstað ef almannavarnanefnd eða aðgerðarstjórn óskar þess. Að öðru leyti fer aðgerðastjórn með tengsl við fjölmiðla.
Fjármál	Heldur utan um þann kostnað sem er stofnað til vegna aðgerðarinnar.
Öryggismál	Öryggisstjóri fylgist með að verklag sé í samræmi við áhættumat. Kallar eftir endurteknu áhættumati. Aðvarar stjórnanda ef stöðva þarf aðgerð vegna hættu.
ÁÆTLUN	Heldur utan um, aflar og dreifir nauðsynlegum upplýsingum. Áætlun hugsar um næstu skref aðgerðanna með stjórnun og tryggir að áætlun um það sé fyrir hendi.
Upplýsingar	Öflun hverskonar upplýsinga vegna aðgerðarinnar og miðlun þeirra.
Ástand mála	Hvernig er staðan á vettvangi Hver er staðan í umdæminu Hvað eru margir viðbragðsaðilar við störf Hvenær varð atvikið og hvar Hvert er eðli atviksins Hversu stórt svæði varð fyrir áhrifum Hvar er atvikið, þéttbýli, dreifbýli, iðnaður, samgöngumannvirki, landslag o.þ.h. Hversu alvarleg er mengun á svæðinu. Ef smitefni, hver er smitstuðull? Eru sérstakir áhættuhópar, s.s. börn eða aldraðir
Ytri aðstæður	Hvernig er veður og veðurspá Hvernig er færð Hvað búa margir á svæðinu og samsetning íbúa (aldur, tungumál o.þ.h.)
Áætlanagerð	Áætlun um það sem er framundan: Næsta vakt, næsti dagur o.s.fv.

Markmið og verkáætlun	Setja markmið: Mælanleg, raunhæf, opin. Verkáætlun; byggir á markmiðum, framsýn, inniheldur þarfir og áætlaðan tíma. Breytileg! Greina hvað þarf að gera. Hver á að gera hvað.
Þarfir	Hvaða bjargir (mannskap, búnað og tæki) þarf til að takast á við verkefnið.
Skipulag	Staðsetning starfssvæða, skilgreint. Verkbáttaskipurit (stjórnun, boðleiðir) Fast! Hvar eiga starfssvæði að vera (SSS, MÓT, biðsvæði, SSA o.þ.h.) Hvaða hluta verkbáttaskipuritsins þarf að virkja? Skýrar boðleiðir og ábyrgð.
Sérfræðiráðgjöf	Hvaða sérfræðinga þarf að kalla til aðstoðar?
BJARGIR	Bjargir eru samnefni fyrir mannafla, tæki og búnað. Verkbátturinn Bjargir eru stuðningur við vettvang, sem tryggir að þar sé á hverjum tíma fullnægjandi mannafla, búnaður og tæki, með hliðsjón af eðli og umfangi aðgerða og samkvæmt þeim áætlunum sem í gildi eru á hverjum tíma. Enn fremur skulu þær tryggja aðbúnað þeirra sem eru við störf, í bið eða í hvíld.
Aðföng og fjarskipti	Útvegum bjarga (mannskapur, búnaður og tæki). Fjarskiptabúnaður og skipulag.
Aðföng	Hvaða bjargir þarf til að leysa verkefnið
Fjarskipti	Skilgreina hverjir þurfa að tala saman og hvernig. Virkja fjarskiptaskipulag (tæki og búnaður).
Aðbúnaður	Allur aðbúnaður, aðhlyning og viðhald bjarga.
Grunnþjónusta	Eftir atvikum þarf að tryggja aðgang að mat, hvíld, salerni, þvottur o.fl. fyrir viðbragðsaðila.
Sérþjónusta	Ýmis aðhlyning sem hugsanlega þarf að veita hjálparliði s.s. læknishjálp, sálrænn stuðningur o.þ.h.
Viðhald	Tryggja að tæki og búnaður virki sem skildi og þær rekstrarvörur sem þarf Hreinsun á búnaði.
FRAMKVÆMD	<i>Undir Framkvæmd í AST falla samskipti sem eru út fyrir AST. Sjá um að koma fyrir mælum og upplýsingum frá AST til VST og annarra samstarfsaðila. Heldur AST upplýstri um gang aðgerða á hverjum tíma. Grunnreglan er sú, að sá sem fer með Framkvæmd sér um samskipti út fyrir AST. Víkja má frá þessari reglu ef þurfa þykir, t.d. geta Bjargir í AST haft beint samband við Bjargir í VST ef það er talið gagnast betur framvindu aðgerðar. Stór hluti samskipta vettvangs við vettvangsstjórn fer í gegnum þennan verkbátt og því falla fjarskiptasamband og atburðaskráning („logg“) hér undir. Almennri atburðaskráningu þurfa þó allir verkbættir að sinna.</i>
Samskipti við vettvang	Samskipti við vettvangsstjórn á vettvangi.
Afgreiðsla beiðna frá vettvangi	Taka á móti og fylgja eftir beiðnum frá vettvangi.
Flutningur þolenda af vettvangi	Utanhald flutnings þolenda frá vettvangi á stofnanir, fjöldahjálparstöðvar og heim innan umdæmis.
Meðferð látinna	Utanhald látinna þolenda, hvert þeir eiga að fara, hvernig, hvenær, aðkoma aðstandenda og yfirfærsla til rannsóknaraðila.
Yfirfærsla til rannsóknaraðila	Skipulag á afhendingu vettvangs til rannsóknaraðila. Hver tekur við, hvernig verður staðið að afhendingu og hvenær.
Samskipti innan umdæmis	Samskipti við stofnanir og einingar innan umdæmis á ekki við um þá viðbragðsaðila sem eru við störf á vettvangi.

Heilbrigðis- stofnanir	Samskipti við stofnanir innan umdæmis og samhæfing þeirra við aðgerðina og móttöku þolenda innan umdæmis.
Fjöldahjálpar- stöðvar	Fjöldahjálparstöðvar eru undir AST. Kallar á reglubundin samskipti til að miðla upplýsingum til og frá AST er varða fjöldahjálp.
Söfnunarsvæði aðstandenda	Söfnunarsvæði aðstandenda eru undir AST. Kallar á reglubundin samskipti til að miðla upplýsingum til og frá AST er varða aðstandendur.
Ytri biðsvæði	Biðsvæði sem eru utan við vettvang en innan umdæmis eru á ábyrgð AST. Kallar á samskipti og miðlun upplýsinga til og frá AST.
Sjúkraflutningar úr umdæmi	Ut anumhald vegna flutnings þolenda út fyrir umdæmið.
Aðhlyningastjóri	Kallar eftir upplýsingum frá AHS.
Samhæfingarstöðin	Kallar eftir upplýsingum frá SST og miðlar upplýsingum til SST.
Talning og flæði þolenda	Verkþátturinn flutningar leiddur af flutningastjóra.
Fjöldi þolenda	Upplýsir SST um fjölda þolenda.
Tímaháð stöðuyfirlit	Heldur tímalínu og skráir verkefni.
Staðsetning þolenda	Fylgist með flutningi þolenda og tímasetningu sjúkraflutninga og móttökustað.
Umsjón lýkur	Upplýsir um lok aðgerðar, stöðufundur í lokin.

Tafla 5.4 Aðsetur og vara-aðsetur AST í lögregluumdæmum landsins

Lögregluumdæmi	Aðal-aðsetur AST	Vara-aðsetur AST
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	Stjórnstöð AST, Skógarhlíð 14 105 Reykjavík	Lögreglustöðin, Hverfisgötu 113 105 Reykjavík
Lögreglustjórinn á Vesturlandi	Bjarnarbraut 2, 310 Borgarnesi	Samkvæmt ákvörðun AST
Lögreglustjórinn á Vestfjörðum	Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði	Samkvæmt ákvörðun AST
Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra	Suðurgötu 1, 550 Sauðárkróki	Samkvæmt ákvörðun AST
Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra	Lögreglustöðin, Þórunnarstræti 138 600 Akureyri	Samkvæmt ákvörðun AST
Lögreglustjórinn á Austurlandi	Björgunarsveitin Hérað, Miðási 1 700 Egilsstöðum	Lögreglan á Egilsstöðum, Lyngási 15 700 Egilsstöðum
Lögreglustjórinn á Suðurlandi	Hlíðarvegi 16, 860 Hvolsvelli	Samkvæmt ákvörðun AST
Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum	Faxastíg 42, 900 Vestmannaeyjum	Samkvæmt ákvörðun AST
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	Fálkavöllum 19, KEF 235 Reykjanesbæ	Aðalskrifstofa KEF, bygging 795 Keflavíkurflugvelli, 235 Reykjanesbæ

Vettvangsstjórn

Stjórn og samhæfing á vettvangi er í höndum vettvangsstjóra sem er tilnefndur af lögreglustjóra (LHG ef atvik er á sjó). Vettvangsstjóri kemur að jafnaði úr röðum lögreglunnar og gerð er krafa um þjálfun og reynslu af vettvangsstjórn.

Vettvangsstjórn (VST) við CBRNE atvik er skipuð eftirfarandi:


- Lögreglunni
- Umdæmislækni sóttvarna
- Fulltrúa sveitarstjóra
- Fulltrúa slökkviliðs
- Fulltrúa sveitarstjórnar ef svo ber undir

Vettvangsstjóri deilir verkefnum milli aðila í VST eftir aðstæðum hverju sinni.

Mikilvæg verkefni VST:

- Heildarstjórn og samhæfing aðgerða á vettvangi samkvæmt SÁBF kerfinu.
- Vinna samkvæmt verkþáttaskipuriti VST bls. 36. Víkja má frá skipuritinu ef þörf er talin þar á.
- Skipa fólk í skráningu, fjarskipti og önnur störf eftir þörfum.
- Sjá um framkvæmd á rakningu smitleiða, bráðaflokkun, heimasóttkví, brottflutningi, afmengun og fleira eftir því sem við á.
- Aðstoða við faraldsfræðirannsókn eftir þörfum.
- Tryggja grundvallarsmitgát.
- Skipuleggja fjarskipti á vettvangi.
- Tryggja fjarskipti við AST. Sá sem er skipaður í verkþáttinn *Framkvæmd-VST* skal vera í fjarskipta-sambandi við verkþáttastjórana (sjá næsta kafla) og þarf að hafa bíl til umráða til þess að fara á milli VST og hinna ýmsu starfssvæða.

VST_{CBRN}



Mynd 5.5 Verkbáttaskipurit VST

Tafla 5.5 Fylgitafla með verkþáttaskipuriti VST

STJÓRNUN	Tryggja virkni Áætlana, Bjarga og Framkvæmda Heildarsýn, stýring og samhæfing
Tengiliðir	Þegar sérstakir einingar, utan hefðbundinna viðbragðsaðila, starfa á vettvang eða koma að málum getur verið heppilegt að hafa sérstaka tengiliði þeirra við stjórn aðgerðanna t.d.: <ul style="list-style-type: none"> ▪ Björgun búpenings, aflífun eða flutninga. ▪ Björgun verðmæta. ▪ Úttekt á nothæfi bygginga, styrkingu þeirra eða niðurbroti. ▪ Rafvæðingu mikilvægra staða og bráðabirgðaviðgerðir rafkerfis. ▪ Sambandskerfi, bráðabirgðaviðgerðir (sími, fjarskipti). ▪ Vatnsmiðlun v/slökkvistarfa og mikilvægrar þjónustu. ▪ Varnaraðgerðir vegna hraunrennslis, öskufalls eða flóða.
Fjölmiðlar	Huga þarf að öflun upplýsinga fyrir fjölmiðla eða vegna spurninga frá þeim. Skipuleggja þarf aðgang fjölmiðlafólks að stjórn aðgerðanna eða tilnefnds fjölmiðlafulltrúa. Vettvangsstjóri skal vera viðbúinn því að svara fyrirspurnum fjölmiðla og veita þeim upplýsingar um skipulag og framkvæmd björgunarstarfa á slysstað ef aðgerðarstjórn óskar þess. Að öðru leyti fer aðgerðastjórn með tengsl við fjölmiðla. Nauðsynlegt er að fjölmiðlatengsl séu vel skipulögð, markviss og ákveðin. Miðað er við að vettvangsstjóri haldi blaðamannafundi. Á slíkum fundum skýrir hann frá meginþáttum atburða og útskýrir skipulag framkvæmdar björgunar- og hjálparstarfa. Forðast ber að gefa upplýsingar um einstaklinga, einkahagi þeirra eða að veita aðrar viðkvæmar upplýsingar, sem geta valdið ótta eða áhyggjum.
Öryggismál	Öryggisstjóri fylgist með að viðeigandi öryggisbúnaður sé notaður og verklag sé í samræmi við áhættumat. Kallar eftir endurteknu áhættumati. Aðvarar stjórnanda ef stöðva þarf aðgerð vegna hættu.
ÁÆTLUN	Heldur utan um, aflar og dreifir nauðsynlegum upplýsingum. Áætlun hugsar um næstu skref aðgerðanna með stjórnun og tryggir að áætlun um það sé fyrir hendi
Upplýsingar	Öflun hverskonar upplýsinga vegna aðgerðarinnar og miðlun þeirra.
Ástand mála	Hvernig er staðan á vettvangi Hvað eru margir viðbragðsaðilar við störf Hvenær varð atvikið og hvar Hvert er eðli atviksins Hversu stórt svæði varð fyrir áhrifum Hvar er atvikið, þéttbýli, dreifbýli, iðnaður, samgöngumannvirki, landslag o.þ.h. Hversu alvarleg er mengun á svæðinu, ef smitefni, hver er smitstuðull Eru sérstakir áhættuhópar, s.s. börn eða aldraðir.
Ytri aðstæður	Hvernig er veður og veðurspá Hvernig er færð Hvað búa margir á svæðinu og samsetning íbúa (aldur, tungumál o.þ.h.)
Áætlanagerð	Áætlun um það sem er framundan, næsta vakt, næsti dagur o.s.frv.

Markmið og verkáætlun	Setja markmið: Mælanleg, raunhæf, opin. Verkáætlun byggir á markmiðum, framsýn, inniheldur þarfir og áætlaðan tíma. Breytileg! Greina hvað þarf að gera Hver á að gera hvað
þarfir	Hvaða bjargir (mannskap, búnað og tæki) þarf til að takast á við verkefnið
Skipulag	Staðsetning starfssvæða, skilgreint. Verkpáttaskipurit (stjórnun, boðleiðir) Fast! Hvar eiga starfssvæði að vera (SSS, MÓT, biðsvæði, SSA o.þ.h.) Hvaða hluta verkpáttaskipuritsins þarf að virkja Skýrar boðleiðir og ábyrgð
Sérfræðiráðgjöf	Hvaða sérfræðinga þarf að kalla til aðstoðar
BJARGIR	Bjargir eru samnefni fyrir mannafla, tæki og búnað. Verkpátturinn Bjargir eru stuðningur við vettvang, sem tryggir að þar sé á hverjum tíma fullnægjandi mannafla, búnaður og tæki, með hliðsjón af eðli og umfangi aðgerða og samkvæmt þeim áætlunum sem í gildi eru á hverjum tíma. Enn fremur skulu þær tryggja aðbúnað þeirra sem eru við störf, í bið eða í hvíld. Meta skal reglulega þörf fyrir bjargir og koma beiðnum um slíka útvegum <u>tímanlega</u> á framfæri við aðgerðastjórn.
Aðföng og fjarskipti	Allar ráðstafanir sem gerðar eru til að útvega það sem til þarf, þannig að allir verkpættir tengdir <i>Framkvæmd</i> gangi vel og snurðulaust fyrir sig.
Aðföng	Annast útvegum bjarga samkvæmt áætlanagerð þar að lútandi. Öllum björgum skal vísa til <i>MÓT</i> þegar þær koma á vettvang.
Fjarskipti	Skilgreina hverjir þurfa að tala saman og hvernig Virkja fjarskiptaskipulag (tæki og búnaður)
Aðbúnaður	Allur aðbúnaður og aðhlyning hjálparliðs auk viðhalds tækja og búnaðar
Grunnþjónusta	Eftir atvikum að sinna grunnþörfum viðbragðsaðila svo sem mat, hvíld, salerni, þvottur o.fl.
Sérþjónusta	Önnur aðhlyning sem nauðsynlegt er að veita einstaklingum eða sérhópum, t.d. læknishjálp og/eða áfallahjálp til björgunarliðs. Verkpáttur þessi hefur einnig heildarsýn yfir áfallahjálp, sem veitt er eða veita þarf viðbragðsaðilum, þolendum og aðstandendum.
Viðhald	Ráðstafanir sem gerðar eru til að tryggja eðlilegt viðhald á tækjum og búnaði.
FRAMKVÆMD	Undir <i>Framkvæmd</i> falla öll verkefni sem unnið er að á vettvangi hverju sinni. <i>Framkvæmd</i> virkjar þær áætlanir sem fyrir liggja og styðjast við þær bjargir sem útvegaðar hafa verið. Sjá um að koma fyrirmælum og upplýsingum frá vettvangsstjóra og vettvangsstjórn til verkpáttastjóra og annarra viðbragðsaðila á vettvangi.
Leit og björgun	Leit og björgun tekur yfir þann þátt aðgerða á vettvangi sem snýst um að koma í veg fyrir frekari slys, losa fólk eða bjarga því úr hvers kyns gildrum eða af hættulegum svæðum og veita lífsbjargandi aðstoð. Framkvæmd leitar og björgunar fer gjarnan fram innan við innri lokun, sem afmarkar slysstaðinn sjálfan eða einstök starfssvæði/hættusvæði. Sá einstaklingur, sem fer með stjórn þessa verkpáttar, er ábyrgur fyrir framkvæmd allra verkpátta innan við innri lokun. Stjórnandi verkpáttarins "Leit og björgun" er Björgunarstjóri .

Leit	Staðsetja þolendur til flutnings með því að leita í braki, húsarúst, snjóflóði eða í kringum tiltekið svæði.
Bráðaflokkun	Forgangsröðun þolenda áður en flutt er frá innri lokun. Markmið bráðaflokkunar að að réttur þolandi fari á réttan stað á réttum tíma.
Björgun	Björgun þolenda úr aðstæðum sem þeir kemst ekki úr án hjálpar. Getur verið úr lokuðum rýmum, undan fargi eða öðrum stað þar sem erfitt er að ná til þolanda. Kallar oft á sérhæfða þekkingu og búnað.
Slökkvistarf	Stöðva eða koma í veg fyrir frekari útbreiðslu elds.
Viðbrögð við mengun	Ef hættuleg efni losna út er mikilvægt að stöðva leka, koma í veg fyrir frekari útbreiðslu og hreinsa upp. Á einnig við um uppsetningu hreinsistöðva og hreinsun þolenda.
Sjúkra- og fjöldahjálp	Umönnun og aðhlyning þolenda þar til að búið er að koma þeim á viðeigandi stofnun til frekari meðferðar, fjöldahjálparstöð eða heim. Verkpátturinn hefur heildarumsjón með öllu því sem lýtur að umönnun og aðhlyningu þeirra sem lent hafa í áfallinu og lifað það af, slasaðir eða óslasaðir. Stjórnandi verkpáttarins „sjúkra- og fjöldahjálp“ er Aðhlyningarstjóri .
Áverkamat	Fyrsta áverkamat er gert á söfnunarsvæði slasaðra. Áverkamatið er ítarlegra en bráðaflokkunarmatið. Tveir til þrír vinna saman að áverkamatinu. Einn sér um lífsmarkaprófið Glasgow Coma Scale (GCS) og annar um að meta öndun, blóðþrýsting og púls. Þó að þolandi sé í upphafi flokkaður til dæmis grænn þarf eftir sem áður að áverkameta viðkomandi reglulega og fylgjast náið með ástandi hans. Sá sem er grænn í upphafi getur skipt um lit.
Meðferð	Til að tryggja sem best öryggi þolenda fram að flutningi getur reynst nauðsynlegt að veita ákveðna meðferð. Hér getur verið um að ræða allt frá lífsbjargandi aðstoð og til þess að búa um minniháttar áverka. Mikilvægur þáttur í meðferðinni er að undirbúa þolanda fyrir flutning og gefa fyrirmæli um þá læknisfræðilegu meðferð sem veita skal í flutningi.
Forgangsröðun	Forgangsröðun þolenda snýst um hverja eigi að flytja fyrst, hvert, hvenær, með hverskonar flutningstæki og hvaða læknisfræðilega meðferð skuli veitt meðan á flutningi stendur.
Gæslustörf	Verndun og gæsla á vettvangi er nauðsynleg til að tryggja öryggi, skipulag umferðar, vinnufrið og verndun ummerkja vegna væntanlegrar rannsóknar. Gæslustjóri er auk þess ábyrgur fyrir talningu þolenda. Stjórnandi verkpáttarins „gæslustörf“ er Gæslustjóri .
Lokun svæða	Til þess að tryggja vinnufrið á vettvangi eru settar upp lokanir. Þeim er skipt í tvo megin flokka, <i>innri lokanir</i> og <i>ytri lokanir</i> . Ef hægt er skal aðeins vera ein ytri lokun sem afmarkar vettvanginn í heild. Inn fyrir ytri lokun fara einungis þeir sem á eða við vettvanginn. Innri lokun afmarkar hinsvegar slysstaðinn sjálfan eða sérstök starfs- eða hættusvæði. Umfang og fjöldi innri lokana er háð eðli atburðar. Þannig getur, á dreifðum vettvangi, svo sem vegna jarðskjálfta eða óveðurs, verið nauðsynlegt að koma upp fleiri en einni innri lokun innan ytri lokunar.
Verndun svæða	Verkefnið <i>Verndun svæða</i> tekur á öllu því sem lýtur að verndun vettvangsins í heild og einstakra starfssvæða innan hans. Sérstök áhersla er lögð á verndun látinna, rannsóknarvettvang og lendingarsvæði þyrilu. Öll slys eru rannsökuð. Stundum hefst rannsóknin meðan björgun stendur yfir. Alla jafna fylgir hún í kjölfar björgunarinnar. Mikilvægi rannsóknar er

	einkum af tvennum toga. Annars vegar til þess að draga fram orsakir slysa svo læra megi af þeim og hugsanlega koma í veg fyrir samskonar slysa. Hins vegar eru rannsóknir framkvæmdar til þess að leiða í ljós hvort um refsivert athæfi hafi verið að ræða. Því skiptir miklu máli að sönnunargögn eða vísbendingar sem kunna að finnast á vettvangi séu ekki skemmd eða máð út.
Umferðarskipulag	Til að tryggja að flutningar og samgöngur á vettvangi gangi sem greiðast er mikilvægt að huga að stýringu umferðar á vettvangi.
Talning	Talning og flæði þolenda á vettvangi. Mikilvægast að allir þolendur séu taldir inn og út af SSS.
Flutningar	Umsjón og eftirlit með björgum á vettvangi, flutningum, flutningstækjum og biðsvæðum fyrir bjargir. Áhersla er lögð á að tryggja hámarks nýtingu allra bjargar, flutningstækja og upplýsingar um staðsetningu bjarga. Stjórnandi verkþáttarins „flutningar“ er Flutningastjóri .
Móttaka	Skráir allar bjargir inn í aðgerðina (mannskapur, búnaður og tæki) Allar starfseiningar skulu mæta á MÓT eða tilkynna sig um fjarskipti nema annað sé tekið fram. Eftir móttöku er liðsafla ýmist vísað á biðsvæði eða beint í verkefni.
Biðsvæði	Uppsetning og rekstur á innri biðsvæðum. Innri biðsvæði falla undir stjórn vettvangsstjóra. Staðsetning þeirra er á eða í nánd við vettvang. Ytra biðsvæði er í meiri fjarlægð frá vettvangi og fellur undir aðgerðastjórn. Um er að ræða þrjú megin biðsvæði. <i>Biðsvæði hjálparliðs</i> , þar sem það vettvangslið sem ekki er í verkefnum bíður frekari fyrir mæla eða er í hvíld. <i>Biðsvæði flutningstækja</i> , þar sem flutningstækjum er safnað saman (ath. eðlilegur munur er á staðsetningu þyrlu, sjúkrabíla, annarra bifreiða og skipa). <i>Biðsvæði tækja og búnaðar</i> , þar sem öðrum tækjum og búnaði er safnað saman.
Flutningstæki	Heildaryfirlit og umsjón með björgum auk tæknilegri framkvæmd flutninga. Halda utan um hvaða flutningstæki eru til taks, hvaða flutningstæki eru í flutningi, hvenær þau eru væntanleg og skráning ferða.

Verkpáttastjórar

Á hverju starfssvæði og við hvern verkþátt starfa margir viðbragðsaðilar. Verkpáttastjórar eru millistjórnendur sem stýra og samhæfa verkþætti á vettvangi í umboði vettvangsstjóra.

Verkpáttastjórar	Aðilar sem skipa verkþáttastjóra	Vinnusvæði
Aðhlyningarstjóri	Umdæmislæknir sóttvarna	Söfnunarsvæði þolenda
Gæslustjóri	Lögregla umdæmis	Hreyfanlegur
Flutningastjóri	Svæðisstjórn björgunarsveita/ Rekstraraðili sjúkraflutninga	Hreyfanlegur
Björgunarstjóri	Fulltrúi slökkviliðs	Hreyfanlegur

Fyrstu verk allra verkþáttastjóra eru að:

- Hafa samband við VST og fá fyrirmæli.
- Fá yfirsýn yfir bjargir (mannskap og tæki) sem koma og meta hvort þær nægja. Tryggja PPE fyrir alla.
- Skipa undirstjórnendur og miðla verkefnum.

Aðhlyningarstjóri stjórnar og samhæfir þjónustu við þolendur.

Helstu verkefni:

- Undirbúa söfnunarsvæðið fyrir þolendur.
- Setja upp skoðunaraðstöðu fyrir þolendur.
- Sinna bráðaflokkun, áverkamati og umönnun þolenda.
- Hafa umsjón með skráningu, bráðaflokkun og einnig [Public Health Passenger Locator Card](#), (viðauki 13.3) ef atvik er í loftfari og/eða flugstöð.
- Tryggja fjarskipti við fulltrúa heilbrigðismála í AST og SST.

Gæslustjóri stjórnar og samhæfir umferðarstjórn á vettvangi og verndun og gæslu allra starfssvæða á vettvangi.

Helstu verkefni:

- Setja upp innri lokanir, í samræmi við stefnu vinds.
- Tryggja að fyrirfram ákveðnir lokunarpóstar séu uppsettir. Vernda starfssvæði.
- Ræða við VST um þörf á umferðarstjórnun og framkvæmd hennar.
- Setja upp söfnunarsvæði látinna ef þarf.
- Hafa umsjón með niðurstöðu bráðaflokkunar, það er talningu þolenda og setja upp skipulag fyrir talningu.
- Hafa tiltækt [Public Health Passenger Locator Card](#). sjá viðauka 13.3 ef atvik er á flugvelli eða í loftfari.
- Skipulag aksturs og upplýsingamiðlun til flutningastjóra.

Flutningastjóri stjórnar og samhæfir starfsemi á móttökustað, biðsvæðum og nýtingu flutningatækja. Hann hefur umsjón með framkvæmd sjúkraflutninga.

Helstu verkefni:

- Skrá inn allar bjargir og hafa yfirsýn yfir þær, sérstaklega búnað vegna CBRNE atvika
- Ræða við VST um flutningsþörf og flutningsleiðir.
- Útvega bíla í flutninga að SSÚ.
- Ráðgjöf um val akstursleiða, samvinna við gæslustjóra.

Björgunarstjóri stýrir uppsetningu sóttkvíar, viðbrögðum við bráðamengun og bráðaflokkun þolenda ef svo ber undir. Innan verkþáttarins starfar heilbrigðisstarfsfólk, lögregla, slökkviliðsmenn og björgunarsveitarmenn.

Helstu verkefni:

- Staðsetja og bráðaflokka þolendur.
- Bera ábyrgð á uppsetningu sóttkvíar sé þess þörf.
- Afmarka sýkt svæði og hreinsa upp bráðamengun í samráði við hlutaðeigandi.
- Skolun verkfæra.
- Uppsetning á skolunartjaldi (hreinsistöð), skolun þolenda, afmengun.

5.5 Miðlun upplýsinga

Vönduð upplýsingamiðlun er mikilvæg þegar aðstæður skapast sem hugsanlega ógna lýðheilsu. Upplýsingum skal miðlað á skýran og markvissan hátt. Atvik getur varðað fáa eða verið það stórt að allt samfélagið bíður skaða af. Óvönduð upplýsingamiðlun getur kallað fram óþarfa skelfingu. Fjórar meginreglur viðbúnaðar gilda um fjölmiðlasamskipti, sjá orðskýringar á bls. 7.

Nauðsynlegt er að almenningur viti af því að viðbragðsaðgerðum hafi verið hrint í framkvæmd og fái réttar fréttir og upplýsingar frá ábyrgum aðilum. Við frétttaflutning skal sérstaklega hugað að hópum og einstaklingum sem ekki eiga auðvelt með að nálgast upplýsingar.

Upplýsa þarf erlenda fjölmiðla, stjórnvöld og alþjóðastofnanir eins og kostur er þegar afleiðingar hamfara geta haft áhrif út fyrir landsteinana. Norsk almannavarnayfirvöld hafa gefið út vandaðan leiðarvísi, [Risiko- og krisekommunikasjon, 2014](#) er varðar upplýsingamiðlun í hamförum.

Aðgengi fjölmiðla að vettvangi: AST/lögreglustjóri tekur ákvörðun um aðgengi fjölmiðla að vettvangi í samráði við umdæmislækni sóttvarna, SVL og aðra hlutaðeigandi.

Ábyrgð og samskipti við fjölmiðla er varðar upplýsingamiðlun vegna CBRNE atvika:

- Heilsa manna: SVL, umd-svæ/SVL
- Skipulag, yfirsýn: Avd-RLS, lögreglustjóri, slökkviliðsstjóri, sveitarstjóri
- Geislun og afleiðingar: GR
- Atvik á sjó: LHG
- Mengun á landi, sjó eða í lofti: LHG, UST, HES, slökkvilið
- Heilsa dýra, matvæli: MAST og HES
- Ólögmat atvik: RLS, hlutaðeigandi lögreglustjóri, sérsveit RLS
- Fréttatilkynningar - talnótur: SST, hlutaðeigandi ábyrgðaraðili samkvæmt sviðsábyrgðarreglu
- Önnur mikilvæg málefni: Ábyrgðaraðili samkvæmt sviðsábyrgðarreglu

5.6 Upplýsinga- og fjölmiðlateymi SST

Stjórn SST tekur ákvörðun í samráði við SVL um boðun og virkjun fjölmiðlateymis SST sem tekur þá við stjórn upplýsingamiðlunar af gangi mála. Fjölmiðlateymi SST hefur aðsetur í Björgunarmiðstöðinni, Skógarhlíð 14, Reykjavík. Í teyminu eiga sæti, auk fulltrúa ríkislögreglustjóra, upplýsingafultrúar lykilstofnana eins og Rauða krossins, ráðuneyta og stofnana ríkisins og hlutaðeigandi sveitarstjórna, allt eftir því um hvers konar atburði er að ræða.

Hlutverk teymisins er að koma á framfæri mikilvægum upplýsingum til fjölmiðla og almennings og skulu ráðuneyti leita til þess um ráðgjöf við miðlun vegna opinberra upplýsinga og frétttaflutnings.

Einnig er það hlutverk teymisins að tryggja upplýsingaflæði til viðbragðsaðila, ríkisstjórnar, ráðuneytisstjóra og stofnana er málið snertir. Markmiðið er að tryggja samræmda og skilvirka miðlun réttra upplýsinga frá stjórnkerfinu og sérfræðistofnunum. Þá veitir teymið fjölmiðlafólki aðstoð við að skipuleggja störf sín og lætur þeim í té gögn og ráðleggingar um hættusvæði o.fl.

Eftir eðli atburða skal koma upp útstöð fjölmiðlaseturs í nágrenni við vettvang sé þess kostur.

Sjá nánar í [stefnu almannavarna – öryggismálaráðs ríkisins 2015–2017](#).

Upplýsinga- og fjölmiðlateymi SST gerir tillögu að áætlun um upplýsingamiðlun sem send er stjórn SST til samþykktar. Upplýsinga- fjölmiðlateymi heldur aðgerðaskrá og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart stjórn SST.

Gátlisti að áætlun Upplýsinga- og fjölmiðlateymis SST um upplýsingamiðlun:

1. Verkaskipting Upplýsinga- og fjölmiðlateymis, stjórnun þess, viðvera o.fl.
2. Gerð lista yfir aðila fjölmiðlateymis, símanúmer og netföng.
3. Gerir tillögu að skilgreindum talsmönnum upplýsinga samkvæmt sviðsábyrgðarreglu.
4. Gerir tillögu að gildum upplýsingamiðlunar (dæmi: Stundvísi upplýsinga, „no drama“, það má segja „veit ekki“ en mun afla frekari upplýsinga og senda um leið og þær berast).
5. Gerir tillögu að skilgreiningu á þeim hópum sem helst þurfa á upplýsingum að halda (börn, aldraðir, heimilislausir, ferðamenn, íbúar á skilgreindum svæðum, bændur, o.s.frv.)
6. Helstu verkefni Upplýsinga- og fjölmiðlateymis:
 - a. Uppsetning fjölmiðlaseturs
 - b. Stjórnun blaðamannafunda í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlið og á vettvangi
 - c. Ritun fréttar og miðlun þeirra
 - d. Skráning talnótta og miðlun þeirra
 - e. Þýðing á útdrætti fréttatilkynninga
 - f. Kortlagning og skráning þeirra hópa sem þurfa mest á upplýsingum að halda.
7. Gerir tenglalista með nöfnum, símanúmerum AST, VST og forsvarsmanna viðbragðsaðila.
8. Gerir tillögu að aðferðum til miðlunar á upplýsingum til skilgreindra hópa og allra hlutað-eigandi: Sjónvarp, útvarp, vefmiðlar, dreifibréf, dagblöð, samfélagsmiðlar, íbúafundir.
9. Gerir áætlun að bestu tímasetningu til miðlunar á skilgreindum upplýsingum til þeirra hópa sem mest þurfa á upplýsingum að halda.
10. Þýðir og skráir enskan útdrátt upplýsinga og eftir atvikum er einnig skráður útdráttur á öðrum tungumálum.
11. Útvegar tákmalstúlka ef svo ber undir.
12. Vaktar fjölmiðlaútsendingar á meðan aðgerðir standa yfir, bregst við falsfréttum.
13. Skilar skýrslu að aðgerð lokinni til deildarstjóra avd-RLS og SVL.

6.0 Starfssvæði

Í þessum kafla er fjallað um starfssvæðin sem þarf að skipuleggja þegar tekist er á við atvik sem áætlunin tekur til. Það ræðst af umfangi og eðli atviks hvort þörf er á að virkja öll starfssvæðin. Engu að síður þarf að gera ráð fyrir þeim í skipulaginu og frekar að virkja þau frá upphafi og síðan að loka þeim ef ekki reynist þörf fyrir þau en að ætla að ákveða í miðri aðgerð hvað á að virkja og hvað ekki.

Efnavopn eru þekkt í stríði og þessi áætlun tekur til atviks af völdum ólögmætra aðgerða. Virkjast þá viðbragðsáætlanir lögreglu samhliða þessari. Gæta þarf að skaða ekki rannsóknarhagsmuni, svo sem að spilla ekki verksummerkjum, skrá niður það sem vekur grunsemdir og fylgja fyrirmælum lögreglu. Ef CBRNE vettvangur er einnig talinn vettvangur glæps er gátlista fylgt sem er að finna í Handbók fyrir viðbragðsaðila á vettvangi.

Starfssvæðum má skipta í tvo meginflokka. Söfnunarsvæði, sem ætluð eru þolendum atburðar (útsettir og með einkenni og útsettir en án einkenna) og biðsvæði sem ætluð eru þeim björgum er biða eftir verkefnum eða hafa lokið sínum verkefnum og biða eftir því að vera leystar frá störfum, sjá töflu 6.1 á bls. 48. Um nánari skilgreiningar á starfssvæðum og verkefnum, sem nefnd eru í þessum kafla, vísast til [Kennslurits almannavarna í vettvangsstjórn](#), gefið út árið 2010.

Þegar um er að ræða mengaðan vettvang, vettvang sem ekki er hægt að afmarka (loftborin mengun) eða vettvang þar sem orsök er óþekkt, þarf að aðlaga fyrirliggjandi skipulag með það að markmiði að vernda viðbragðsaðila og fyrirbyggja útbreiðslu mengunarvalds.

Vinna á vettvangi fer fram samkvæmt þessum handbókum:

- **Handbók CBRNE.** Þessi handbók er ætluð öllum þeim sem koma á vettvang, þ.e. lögregla, slökkvilið, heilbrigðisstarfsmenn og aðrir og bókinni er ætlað að segja fyrir um verklag fyrir allra fyrstu viðbrögð og fyrsta áhættumat (fyrstu 30 mín.).
- **Efnaköfun og upplýsingar um hættuleg efni. Eiturefnamappa Félags slökkviliðsstjóra.** Þessi mappa er leiðandi skjal um fyrstu viðbrögð á vettvangi.
- **Emergency Response guidebook. A Guidebook for First responders during the initial phase of a dangerous goods/hazardous materials incidents.**

Upplýsingar í þessari bók eru litakóðaðar og er efni raðað niður á fjóra vegu:

Gular síður: Efnum raðað eftir númerum þeirra.

Bláar síður: Efnum raðað eftir heiti þeirra, í stafrófsröð.

Appelsínugular síður: Efnum raðað samkvæmt tilvísunarnúmeri efnis.

Grænar síður: Varða lokun svæða.

Símapjónusta vegna skaðlegara áhrifa efna:

Eitrunarmiðstöð LSH rekur símapjónustu og veitir upplýsingar um viðbrögð við skaðlegum áhrifum efna á heilsu og gefur leiðbeiningar um viðbrögð allan sólarhringinn í síma **543 2222**.

6.1 Starfssvæði samkvæmt skipulagi almannavarna - CBRNE vettvangur

Tafla 6.1. Upplýsingar um starfssvæði og viðbragðsaðila sem starfa á hverju svæði.

Starfsemi	Svæði/tákn	Verkþáttastjóri	Hverjir sinna	Verkefni
Vettvangur (mengaður)	IL - innri lokun vettvangs	Gæslustjóri	Lögreglan	Uppsetning YL og aðstoð við uppsetningu IL.
	Lokun vettvangs		Björgunarsveitir	Löggæsla og verndun vettvangs.
Leit á vettvangi	L - YL	Gæslustjóri	Lögregla og	Hindra frekara óhapp.
	B - YL	Slökkvilið og björgunarsveitir	Björgunarsveitir	Lífsbjargandi aðstoð og bráðaflokkun.
	B - IL	Björgunarstjóri	Slökkvilið	Uppsetning IL sem er sóttmengað svæði.
	L - IL	Björgunarstjóri	Slökkvilið	Afmörkun svæða og þrif vegna bráðamengunar.
Móttökustaður bjarga	MÓT	Gæslustjóri	Lögregla Flugvernd	Skráning bjarga og staðsetning. Upplýsa um akstursleiðir.
Biðsvæði bjarga á vettvangi	BF - biðsvæði flutningatækja	Flutningastjóri	Björgunarsveitir	Grundvallarsmitgát.
	BH - biðsvæði hjálparliðs			Umsjón, eftirlit og virkjun hjálparliðs.
	BTB - biðsvæði tækja og búnaðar			Skráning tækja og flutningsgeta. Virkjun tækja og skipulag umferðar.
Söfnunarsvæði útsettra, með eða án einkenna	SSS	Aðhlyningarstjóri	Heilbrigðisstarfsmenn Lögreglan Starfsmenn LHG Sjálfbóðaliðar	Skoðun og meðferð. Skráning og forgangur flutnings. Hleðsla sjúkrabifreiða.
Söfnunarsvæði látinna	SSL	Gæslustjóri	Lögreglan Læknir ID-nefnd RLS	Kennsl. Skráning og skýrslugerð.
Lendingarsvæði fyrir þyrlur	LP	Gæslustjóri	Lögregla Flugvernd	Skráning tækja og flutningsgeta. Skipulag umferðar.
Talning	TALNING	Gæslustjóri	Lögreglan	Sjá kafla 6.1

6.2 Svæðaskipting vettvangs við CBRNE atvik

Vettvangi er skipt eins og við önnur atvik í innri lokun (IL) og ytri lokun (YL). Stærð YL og IL er ákveðið af vettvangsstjóra. Betra er að afmarka stærri vinnusvæði en minni strax í upphafi og minnka þau svo ef hætta á mengun reynist ekki vera mikil.

Heitt svæði og upphafsstaður atviks (slyssaður): Litað rautt og er afmarkað svæði næst óhappinu. Þar er mest hætta á að verða fyrir áhrifum mengunar og mikilvægt að nota réttan hlífðarbúnað. Upphafsstaður atviks er Núll-punktur.


Volgt svæði: Litað gult og þar er hættan aðeins minni og þörf fyrir hlífðarbúnað er minni.

Kalt svæði: Hreint svæði (lítill hætta) en menn geta þó þurft að grípa til hlífðarbúnaðar t.d. ef veður breytist eða ef mengun berst inn á svæðið. Hlífðarbúnaður er oftast óþarfur.

Ytri lokun (YL): Afmarkar allan vettvang og þar með athafnasvæði viðbragðsaðila. AST og MÓT eru staðsett við ytri lokun. Lögreglan ber ábyrgð á YL og notar nauðsynlegar bjargir til lokunar. Gæta þarf að því að hafa stærð og lögun YL í samræmi við hættu á dreifingu mengunar, þar skiptir vindátt og vindstyrkur miklu máli. Ef vindstyrkur er mikill þarf að stækka svæðið og eins þarf svæðið að vera stærra eftir því sem efnið er hættulegra. Skrá þarf alla sem fara inn og út af svæðinu og liðsauki bíður fyrir utan YL.

Innri lokun (IL): Afmarkar hættusvæði (heitt og volgt). Slökkvilið (brunavarnir) bera ábyrgð á og afmarka IL. Stærð og lögun IL þarf að vera í samræmi við vindstyrk, vindátt og landslag/lögun svæðis. Skolsvæði til afmengunar þarf að vera til staðar.

MÓT, hlið ÚT og biðsvæði bjarga (BF, BH, BTB): Í öruggri fjarlægð og ekki í vindstefnu frá IL.



Mynd 6.1 Grunnskipulag CBRNE vettvangs.

Rýming íbúa í nágrenni við CBRNE vettvang.


Fyrsta áhættumat á vettvangi gefur vísbendingar um hvort rýma þurfi svæði í nágrenninu og hversu stórt svæðið þarf að vera sem er rýmt, nota skal Handbók CBRNE við fyrsta áhættumat.

Er hætta á sprengingum ?


Er hætta á dreifingu hættulegra efna?

Ef svarið er já við annarri þessara spurninga þarf strax að hefja brottflutning fólks og opna fjölda-hjálparstöð fyrir íbúa í öruggri fjarlægð. Ef ekki er talin þörf á brottflutningi þá gefur sóttvarnalæknir leiðbeiningar til íbúa sem búa í nágrenni við mengaðan vettvang í samvinnu við Umhverfisstofnun og aðra hlutaðeigandi. Íbúar geta verið beðnir að halda sig inni, loka gluggum og fylgjast með fréttum.

6.3 Skolsvæði viðbragðsaðila og þolenda



Mynd 6.2 Skolsvæði viðbragðsaðila



Mynd 6.3 Skolsvæði þolenda

6.3 Fyrsta áhættumat á vettvangi

Fyrstu viðbragðsaðilar á vettvang framkvæma fyrsta áhættumat og gefa stöðuskýrslu svo fljótt sem verða má samkvæmt [Handbók CBRNE](#). Í fyrstu stöðuskýrslu kemur fram staðsetning vettvangs, umfang (stærð hans og áætlaður fjöldi þolenda), hættur á vettvangi og þörf fyrir bjargir.

Tafla 6.2 Áhættuþættir á vettvangi

Tegund atburðar	Slys, eldsvoði, CBRNE - Annað
Nákvæm staðsetning	Slysavettvangur? Móttökustaður? (Staðfestu báðar staðsetningar)
Umfang	Lítið atvik/meðal atvik/stórt atvik
Öryggi	Áhætta og ráðstafanir (meiðsli og starfsfólk). Aðrar mögulegar hættur?
Þolendur	Fjöldi þolenda? Áverkar? Tegund áverka?
Brottflytningur	Besta brottflytninguleið?
Við CBRNE:	Sýnilegur leki eða gasský? Litur, lykt, þekkt/óþekkt efni?

6.3 Hlífðarbúnaður í umsjón slökkviliða

- Flokkur 1.** Loftþéttur búningur og yfirþrýsingur í galla. Búnaður sem gefur mestu vörn sem er í boði gegn efna-/sýklamengun og loftborinni mengun. Í þessum flokki eru þykkir samfestingar með áföstum sokkum, andlitshlífar, grímur með síu.
- Flokkur 2.** Loftþéttur búningur og loftþéttur frágangur hettu, hanska, stígvéla og allra samskeyta.
- Flokkur 3.** Vökvapéttur búningur og vökvapéttur frágangur hettu, hanska og stígvéla.
- flokkur 4.** Búningur með sprautuþéttum frágangi hettu, hanska og stígvéla.

6.4 Vábirgðir hlífðarbúnaðar í umsjón SVL

Samkvæmt reglugerð um sóttvarnaráðstafanir nr. 817/2012 ber SVL ábyrgð á varðveislu hlífðarbúnaðar sem hægt er að senda með stuttum fyrirvara þangað sem hans er þörf.

Um er að ræða einnota hlífur ætlaðar fólki til að verjast sýkingum og mengun: Hlífðarhanskar, hlífðargrímur (FFP 2 og FFP 3), hlífðarsvuntur, hlífðarsloppar, veiruheldir samfestingar og hlífðargleraugu. Frekari upplýsingar um [hlífðarbúnað í farsótt](#) er að finna á vef embættis landlæknis.

Búnaðurinn er geymdur á höfuðborgarsvæðinu. Hafið samband við SVL í síma **510-1933** (sólarhringsvakt) eða með tölvupósti á netfangið svl@landlaeknir.is ef óskað er eftir búnaði.

6.5 Vábirgðir lyfja og innrennslisvökva í umsjón SVL




SVL ber ábyrgð á að vábirgðir lyfja og innrennslisvökva séu samkvæmt reglugerð um sóttvarnaráðstafanir nr. 817/2012, 7. gr. í fylgiskjali 1, viðauka 1, reglugerðar nr. 817/2012 er listi yfir öryggisbirgðir lyfja og innrennslisvökva sem eiga að vera til í landinu á hverjum tíma. Vábirgðir lyfja og innrennslisvökva eru endurskoðaðar að lágmarki á fimm ára fresti og oftast ef þörf er talin þar á. Velta á lyfjabirgðum er gerð í samráði við apótek LSH.

Umboðsaðilar vábirgða eru umsjónaraðilar og bera ábyrgð á varðveislu vábirgða og afgreiðslu úr vábirgðum allan sólarhringinn alla daga ársins. Umsjónaraðilar vábirgða bera ábyrgð á að upplýsa Lyfjastofnun, SVL og apótek LSH um stöðu og hreyfingar birgða.

Farsóttanefnd LSH endurskoðar lista yfir vábirgðir lyfja og innrennslisvökva í samvinnu við SVL og eftir atvikum Lyfjastofnun. SVL leggur til breytingar á reglugerð um vábirgðir nr. 817/2012 þegar þess gerist þörf.

6.6 Talning/skráning þolenda

Ef þolendur eru margir er notast við kerfi **bráðaflokkunar** en bráðaflokkunartöskur eru staðsettar í farartækjum viðbragðsaðila. Bráðaflokkun gefur yfirsýn yfir fjölda þolenda og ástand þeirra. Svokölluð mengunarspjöld fylgja hverri bráðaflokkunartösku og þegar um er að ræða mengaðan vettvang eru mengunarspjöldin látin fylgja hverjum þolenda. Bráðaflokkun á menguðum vettvangi fer með þeim hætti að þolendur eru færðir á hreinsisvæði og þar fer bráðaflokkun fram um leið og reynt er að afmenga þolendur ef það er mögulegt.

<p>NOTIÐ HLÍFDARBÚNAD</p> <p>SMART EQUIPMENT SMART INCIDENT COMMAND SYSTEM www.tsgassociates.net</p> <p>SMITHÆTTA</p> <p>SKADVALDUR:</p> <p>EF SMITHÆTTA: Á ÞESSI HLÍÐ AD VERA SÝNILEG</p>	<p>NOTIÐ HLÍFDARBÚNAD</p> <p>HREINSUN</p> <p>Númer áverkamats eða kennitala sjúklings:</p> <p>Upplýsingar frá áverkamati</p> <p>HVER: <input type="checkbox"/> Slökkvilið - sjúkraflutningar <input type="checkbox"/> Sjúkrahús</p> <p>HVAR: <input type="checkbox"/> Á vettvangi <input type="checkbox"/> Sjúkrahús <input type="checkbox"/></p> <p>ADFERÐ: <input type="checkbox"/> Frumhreinsun <input type="checkbox"/> Lokahreinsun</p> <p>TÍMI: : : : : : :</p> <p>HREINSUN: <input type="checkbox"/> Fjarlægja öll föt <input type="checkbox"/> Skola <input type="checkbox"/> Vatn og sápa</p> <p>TÍMI: : : : : : :</p> <p>Búið um sár eftir hreinsun kl: : : :</p>	<p>NOTIÐ HLÍFDARBÚNAD</p> <p>SMART EQUIPMENT SMART INCIDENT COMMAND SYSTEM www.tsgassociates.net</p> <p>MENGUN</p> <p>SKADVALDUR:</p> <p>Merkið með:</p> <p><input checked="" type="checkbox"/>  EITUREFNI</p> <p><input type="checkbox"/>  SMITHÆTTA</p> <p><input type="checkbox"/>  GEISLAVIRKNI</p>
---	--	---

Mynd 6.2 Mengunarspjald. Framhliðar og bakhlið

<p>NOTIÐ HLÍFDARBÚNAD</p> <p>EITUREFNI</p> <p>SKADVALDUR:</p> <p>EINKENNI SKADVALDS</p> <p><input type="checkbox"/> Öndun: Kæfandi, ertandi <input type="checkbox"/> Húð: Blóðrumyndandi, ætandi</p> <p><input type="checkbox"/> Taugakerfi: Lamandi, hamlandi <input type="checkbox"/> Annað:</p> <p>EINKENNI:</p> <p>MEDFERÐ OG ÁÆTLUN:</p>	<p>NOTIÐ HLÍFDARBÚNAD</p> <p>GEISLAVIRKNI</p> <p>TEGUND: <input type="checkbox"/> ALFA <input type="checkbox"/> BETA <input type="checkbox"/> GAMMA</p> <p>MÆLING Á GEISLUN: <input type="checkbox"/> Mæling</p> <p>mGy/mSv kl. : : mGy/mSv kl. : :</p> <p>MENGUN: <input type="checkbox"/> Innvortis <input type="checkbox"/> Útvortis</p> <p>EINKENNI:</p> <p>MEDFERÐ OG ÁÆTLUN:</p>	<p>NOTIÐ HLÍFDARBÚNAD</p> <p>SMITHÆTTA</p> <p>SKADVALDUR:</p> <p>SMITLEIÐ EF ÞEKKT:</p> <p>EINKENNI:</p> <p>MEDFERÐ OG ÁÆTLUN:</p>
--	---	---

Mynd 6.3. Mengunarspjald. Eiturefni, geislavirkni eða smithætta

Lögreglan ber ábyrgð á upplýsingum um fjölda þolenda og tekur við útfylltum eyðublöðum á vettvangi og afhendir þau AST eða eftir atvikum umdæmislækni sóttvarna sem ber ábyrgð á að skila þeim til sóttvarnalækni án tafar.

Tafla 6.1 Skráning/talning samkvæmt bráðaflokkun innan skipulags almannavarna

	Skráning
SSS	Þar fer fram bráðaflokkun og talning á þolendum, þ.e. útsettum/einkennalausum og útsettum/með einkenni við komu og brottför af svæðinu. Niðurstaða bráðaflokkunar gefur fyrstu yfirsýn yfir fjölda og ástand þolenda á vettvangi.
SSL	Þar fer fram talning og skráning á látnum.
YL	Við brottför af vettvangi er afrifa áverkamatsins afhent lögreglu.
VST	Það er hlutverk VST að vinna úr skráningu/talningu og tryggja að staðsetning allra þolenda sé þekkt að aðgerð lokinni.


6.7 Söfnunarsvæði þolenda (SSS) í CBRNE atviki

Þolendur fara á SSS eftir að skulun/afmengun á vettvangi er lokið.

Ábyrgð á uppsetningu: Slökkvilið í samvinnu við heilbrigðisþjónustu.

Húsnæði fyrir SSS þarf að uppfylla eftirfarandi:

1. Hreinlætisaðstaða, þ.e. salerni og sturtur.
2. Eldhús og matsalur.
3. Auðvelt í þrifum.
4. Hægt að skipta upp í rautt, gult og grænt svæði.
5. Næg bílastæði, gott aðgengi og auðvelt að afmarka/afgirða.
6. Þar sem SSS getur verið starfrækt í nokkra daga þá má starfsemi SSS ekki trufla eða stöðva aðra mikilvæga starfsemi á svæðinu.
7. Gera þarf ráð fyrir:
 - a. Skráningu þolenda og hjálparliðs inn og út af SSS.
 - b. Varðveislu og brottflutningi á menguðum úrgangi og menguðum þvotti.
 - c. Móttöku bjarga (birgðir, búnaður og hjálparlið).
 - d. Hvíldarherbergi fyrir hjálparlið.
 - e. Inngangi fyrir þolendur með einkenni og annar inngangur fyrir einkennalaus.



Mynd 6.4 Dæmi um SSS fyrir þolendur. Íþróttahúsið Mánagarður á Höfn. Ath. Á þessari mynd er ekki búið að skipta svæði fyrir þolendur upp í rautt, gult eða grænt.

7.0 Áhættumat

SVL ber ábyrgð á vöktun smitsjúkdóma og heilsufarslegra áhrifa eitur- og geislavirkra efna. Hann ber einnig ábyrgð á farsóttagreiningu og áhættumati við óvænta atburði sem falla undir hans verksvið. Við óvænta atburði leggur vöktun og farsóttagreining grunn að áhættumati (sjá töflu 3.2) sem hefur stefnumótandi áhrif á viðbrögð. SVL framkvæmir faraldsfræðirannsókn þegar upp kemur grunur um CBRNE atvik og framkvæmir slíkt í samvinnu við aðra hlutaðeigandi aðila, s.s. heilbrigðiseftirlit, Matis, sýklafræðideild og Eitrunarmiðstöð LSH, Geislavarnir og almannavarnir, sjá mynd 7.2 á bls. 57. Samstarf við erlenda aðila getur reynst nauðsynlegt við frekari greiningu sýna og einnig geta WHO og ECDC gefið mikilvægar upplýsingar.

Afla þarf upplýsinga um eðli, umfang og afleiðingar atburða, svo sem fjölda þolenda og hvort vettvangur sé afmarkaður eða nái yfir stærra svæði. Meta þarf hvort líkur séu á að atvikið geti haft áhrif yfir landamæri. Ekki síst þarf að meta hvort smit, eiturefni eða geislavirkni liggja að baki. Þá þarf að kanna og meta mögulegar aðgerðir til að lágmarka skaðann. Ef upplýsingar berast seint eru dæmi um að aðgerðir hefjist eftir að atvik hefur átt sér stað.

Þegar fyrsta áhættumatið liggur fyrir er mögulegt að segja fyrir um aðgerðir, virkja áætlun ef svo ber undir og ákvarða almannavarnastig samkvæmt alvarleika. Áhættumat er í stöðugri endurskoðun í samræmi við framgang mála. Eðli atburða er afar mismunandi og áhættumatið leggur grunn að viðbrögðum sem geta verið mismunandi. Leiðbeiningar ECDC um framkvæmd áhættumats má finna á vef stofnunarinnar: [Operational guidance on Rapid Risk Assessment methodology, ECDC 2019](#).

Tafla 3.2 á bls. 20 veitir frekari upplýsingar um framkvæmd áhættumats.


Sýklar (veirur, bakteríur, sveppir, sníkjudýr). Eðli sjúkdóms hefur mikil áhrif á áhættumat, t.d. væri ebóla alltaf talin alvarleg þrátt fyrir að aðeins hafi borist tilkynning um veikindi hjá einum einstaklingi. Grunur um nóróveiru hjá fleiri einstaklingum væri að líkindum ekki talið jafn alvarlegt atvik.

Eitur. Eiginleikar efna hafa áhrif á áhættumat og eru helst þessir: Bræðslu- og suðumark efna, seigja þeirra, sprengimörk, blossamark, íkveikjuhitastig, sjálfsíkveikja, leysni, gufunarþrýstingur, rokgirni, tvísýnt hitastig (markhitastig), heilsufarsleg mörk, skynjanleg mörk, skammtímaáhrif og eðlismassi. Svokölluð flutnings-slysakort eru varðveitt í þeim farartækjum sem flytja hættulegan farm og framleiðendum er skylt að láta leiðbeiningar fylgja með farmi hættulegra efna.

Geislun. Mjög ólíklegt er að grípa þurfi til bráðra viðbúnaðaraðgerða vegna alvarlegs geislaslyss á Íslandi og harla ólíklegt að svo verði samkvæmt áhættumati Geislavarna ríkisins frá 2018. Ef svo skyldi verða fylgja viðbragðsaðilar leiðbeiningum IAEA: „[Preparedness and Response for a Nuclear or Radiological Emergency](#)“ (General Safety Requirements- part 7, 2015). Mynd 7.1 sýnir hvernig umfang geislunar er metið.



Mynd 7.1 Niðurstaða áhættumats þegar um er að ræða CBRN vegna geislavirkni. Hvert þrep er 10 sinnum alvarlegra en næsta þrep fyrir neðan.



Mynd 7.2 Farvegur upplýsinga, viðbrögð og áhættumat vegna gruns um CBRNE atvik**8.0 Verkefni viðbragðsaðila**

Í þessum kafla eru gátlistar þeirra aðila sem samkvæmt þessari áætlun hafa skyldum að gegna:

1. Neyðarlínan/112
2. Almannavarnir - Samhæfingarstöðin
3. Almannavarnir - aðgerðastjórn
4. Almannavarnir - vettvangsstjórn

5. Heilbrigðisþjónusta - sóttvornalæknir
6. Heilbrigðisþjónusta- landlæknir
7. Heilbrigðisþjónusta - umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna
8. Heilbrigðisþjónusta - sérhæfð, Landspítali
9. Heilbrigðisþjónusta - sérhæfð, Landspítali, Eitrunarmiðstöð
10. Heilbrigðisþjónusta - sérhæfð, Sjúkrahúsið á Akureyri
11. Heilbrigðisþjónusta - almenn, heilbrigðisstofnanir (HVE, HVEST, HSN, HSA, HSA, HSU, HSS) og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH)
12. Heilbrigðisþjónusta - rekstraraðilar sjúkraflutninga
13. Heilbrigðisþjónusta- Lyfjastofnun
14. Heilbrigðisþjónusta – rannsóknarstofur (Matís, Keldur, Sýkla og veirufræðideild LSH)

15. Löggæsla - Ríkislögreglustjóri - almannavarnadeild
16. Löggæsla - Ríkislögreglustjóri - fjarskiptamiðstöð
17. Löggæsla - Ríkislögreglustjóri - kennslanefnd
18. Löggæsla - Ríkislögreglustjóri - sérsveit
19. Löggæsla - Lögregla umdæmis
20. Landhelgisgæslan - stjórnstöð
21. Landhelgisgæslan - flugdeild
22. Landhelgisgæslan - sprengisveit
23. Landhelgisgæslan - varðskip
24. Tollgæsla

25. Rauði krossinn - Neyðarmiðstöð
26. Rauði krossinn - deildir
27. Slysavarnafélagið Landsbjörg - landsstjórn
28. Slysavarnafélagið Landsbjörg - svæðisstjórnir
29. Slysavarnafélagið Landsbjörg - björgunarsveitir

30. Sveitarfélög - brunavarnir/slökkvilið
31. Sveitarfélög - heilbrigðiseftirlit
32. Sveitarfélög - stjórnsýsla

33. Ferðamálastofa
34. Geislavarnir ríkisins
35. Matvælastofnun (MAST)
36. Samgöngur - Samgöngustofa
37. Samgöngur - Isavia
38. Samgöngur- sveitarfélög - Hafnasambandið
39. Umhverfisstofnun
40. Veðurstofa Íslands
41. Vinnueftirlitið

8.1 Neyðarlínan/112

ÓVISSUSTIG

Móttækur beiðni um virkjun viðbragðsáætlunar CBRNE frá:

- a. Umdæmis- eða svæðislækni sóttvarna
- b. Lögreglustjóra
- c. Sóttvarnalækni
- d. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
- e. Slökkviliðsstjóra

Boðar viðbragðsaðila samkvæmt boðunarlista í kafla 4

ÓVISSUSTIG – Grunur um CBRNE atvik - staðsetning

HÆTTUSTIG

Móttækur beiðni um virkjun sóttvarnaáætlunar frá:

- a. Umdæmis- eða svæðislækni sóttvarna
- b. Lögreglustjóra
- c. Sóttvarnalækni
- d. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
- e. Slökkviliðsstjóra

Boðar viðbragðsaðila samkvæmt boðunarlista í kafla 4

HÆTTUSTIG – Líklega CBRNE atvik - staðsetning

Boðar viðbótarbjargir ef á þarf að halda að beiðni SVL, SST eða AST

NEYÐARSTIG

Móttækur beiðni um virkjun sóttvarnaáætlunar frá:

- a. Umdæmis- eða svæðislækni sóttvarna
- b. Lögreglustjóra
- c. Sóttvarnalækni
- d. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
- e. Slökkviliðsstjóra

Boðar viðbragðsaðila samkvæmt boðunarlista í kafla 4

NEYÐARSTIG – CBRNE atvik - staðsetning

Boðar viðbótarbjargir ef á þarf að halda að beiðni SVL, SST eða AST

8.2 SST - Samhæfingarstöðin

ÓVISSUSTIG

Samhæfingarstöðin hefur ekki hlutverk á óvissustigi

HÆTTUSTIG

1. Móttækur upplýsingar um hættustig frá 112.
2. Kallar eftir uppfærðu áhættumati og stöðuskýrslu.
3. Kemur á samskiptum við AST.
4. Kannar getu heilbrigðisstofnana.
5. Kannar virkni fjöldahjálpar og SSA.
6. Kannar hjá AST hugsanlega þörf á frekari björgum miðað við eðli atburðar.
7. Hefur umsjón með virkjuðum björgum utan umdæmis lögreglustjóra.
8. Athugar þörf á frekari aðgerðum í samvinnu við SVL, LHG, slökkvilið og lögreglustjóra.
9. Tryggir að nafnalisti berist Neyðarmiðstöð RKÍ til úrvinnslu.
10. Gefur út viðvaranir í samvinnu við SVL, LHG, slökkvilið, avd-RLS, lögreglustjóra og aðra er málið varðar.
11. Tryggir fjölmiðlasamskipti í samvinnu við AST. Tryggir samskipti við erlenda fjölmiðla. Virkjar fjölmiðlateymi SST ef þess er talin þörf.
12. Kallar eftir upplýsingum um fjölda útsettra, fjölda þeirra sem hafa einkenni og kallar eftir upplýsingum um almennar aðstæður á vettvangi.
13. Samhæfir aðgerðir á landsvísu.

NEYÐARSTIG

Sjá HÆTTUSTIG og ennfremur:

14. Móttækur upplýsingar um neyðarstig frá 112.
15. Fylgist með aðgerðum á vettvangi.
16. Fylgist með flutningi þolenda innan umdæmis og utan.
17. Kallar eftir aðstoð erlendis frá ef nauðsyn krefur.
18. Myndar teymi sérfræðinga ef nauðsyn krefur.

8.3 AST - Aðgerðastjórn umdæmis

Nánar má lesa um verkefni AST í kafla 5.4.

ÓVISSUSTIG

1. Móttækur tilkynningu frá 112 um líklega lýðheilsuógn og staðsetningu

AST er ekki virkjuð á óvissustigi.

HÆTTUSTIG

Sjá ÓVISSUSTIG og ennfremur:

2. Móttækur tilkynningu frá 112 um líklega lýðheilsuógn og staðsetningu.
3. AST virkjuð, stjórn og samhæfing heildaraðgerða innan umdæmis lögreglustjóra viðkomandi umdæmis. Stöðufundur og skipað í stöður innan AST.
4. Upplýsir SST um að AST sé virkjuð.
5. AST skipar vettvangsstjóra.
6. Opnar fjarskiptasamband við VST á TETRA-talhóp, samvinnuhópur AST X.
7. Opnar fjarskiptasamband við SST á TETRA-talhóp SST Blár.
8. Skipar fólk í símsvörun, skráningu, almenna ritvinnslu og meðferð upplýsinga og fjarskipti.
9. Tryggir að listi yfir útsetta sé réttur áður en úrvinnsla hefst, hvað varðar þolendur.
10. Tryggir samskipti við SSA.
11. Tryggir samskipti við fjölmiðla í samráði við SST og hlutaðeigandi aðila (sjá kafla 5.9 um fjölmiðla).
12. Kallar eftir niðurstöðum áhættumats og óskar eftir endurmati þegar svo ber undir, (tafla 3.1).
13. Reglulegir stöðufundir og stöðuskýrslur sendar í kjölfarið til SST og annarra hlutaðeigenda.

NEYÐARSTIG

Sjá HÆTTUSTIG og ennfremur:

14. Móttækur tilkynningu frá 112 um staðfesta lýðheilsuógn og staðfestingu.
15. Virkjar tafarlaust AST og stjórnar samræmdum aðgerðum samkvæmt köflum 5.3 og 5.4 í viðbragðsáætlun þessari.
16. Stjórnar og samhæfir heildaraðgerðir innan aðgerðasvæðis og virkjar starfseiningar innan umdæmis.
17. Er í tengslum við SST/sóttvarnalækni, stjórnstöð LHG/vaktstöð siglinga.
18. Óskar eftir ID-nefnd ef þörf er á í gegnum SST samkvæmt beiðni lögreglustjóra.
19. Tryggir flutninga fyrir viðbragðssveitir heilbrigðisstofnana að SSS í samráði við VST.
20. Tilkynnir komu viðbragðssveita í gegnum TETRA-talhóp Blár X-5.
21. Opnar fjarskiptasamband við VST á TETRA-talhóp AST X.
22. Opnar fjarskiptasamband við SST á TETRA-talhóp SST Blár.
23. Boðar út rannsóknardeild - setur í gang rannsókn í samvinnu við RNSA.

8.4 VST – Vettvangsstjórn á vettvangi atviks

Nánar má lesa um verkefni VST í kafla 5.4

ÓVISSUSTIG

VST hefur ekki hlutverk á óvissustigi.

HÆTTUSTIG

Sjá ÓVISSUSTIG og ennfremur:

1. VST er skipuð af AST.
2. VST fylgist með framvindu og tekur við stjórn á vettvangi ef þörf krefur.
3. VST starfar samkvæmt almannavarnaskipulagi í samræmi við SÁBF skipuritið.
4. Uppsetning á vettvangi, MÓT, IL, YL, ÚT, BTB, BH, SSS
5. Tryggir samband við verkþáttastjóra og veitir þeim stuðning og upplýsingar
6. Reglulegir stöðufundir og stöðuskýrsla send til AST.
7. Gerir áhættumati (tafla 3.1), tryggir fyrstu viðbrögð (tafla 13.1), skilgreinir áætlaða stærð atviks, metur þörf á rýmingu, metur þörf á björgum.
8. Tryggir að upplýsingar berist til móttökusjúkrahúsa.
9. Tryggir samskipti við alla viðbragðsaðila á vettvangi.
10. Tryggir grundvallarsmitgát, talningu og flæði þolenda á vettvangi.
11. Skipar fólk í skráningu, fjarskipti og önnur störf eftir þörfum.
12. Opnar Tetra fjarskiptasamband við aðgerðastjórn á Tetra-talhóp **AST X**.
13. Opnar Tetra fjarskiptasamband við verkþáttastjóra á Tetra-talhóp **VST X**.
14. Tryggir að gæslustjóri merki lendingarsvæði fyrir þyrlur.

NEYÐARSTIG

Sjá HÆTTUSTIG og ennfremur:

15. VST stýrir aðgerðum á vettvangi.
16. Tryggir hnökralaus samskipti við fjölmiðla.
17. Tryggir hnökralaus samskipti við AST og viðbragðsaðila á vettvangi.
18. Endurtekur áhættumat.
19. Stöðufundir haldnir og stöðuskýrslur gerðar svo oft sem þurfa þykir.

8.5 Heilbrigðisþjónusta – SVL

Sóttvarnalæknir má virkja þessa áætlun ef niðurstöður áhættumats benda til að atvik geti verið ógn við lýðheilsu, í samráði við avd-RLS.

ÓVISSUSTIG

1. SVL metur hvort upplýsa þurfi heilbrigðisráðherra um yfirvofandi hættu og hvaða aðgerðir séu í undibúningi.
2. SVL situr vísindamannaráðsfundi AVD ef til þeirra hefur verið boðað og kemur á framfæri ábendingum/leiðbeiningum er varða lýðheilsu.
3. SVL kallar eftir frekari upplýsingum (tafla 3.2 og mynd 7.2) og kemur á framfæri ósk til avd-RLS um samráðsfund með viðbragðsaðilum.
4. SVL kallar eftir fundi með áhöfn heilbrigðisstarfsmanna í SST. Markmið fundar er að fara yfir verkefni heilbrigðisáhafnar við CBRNE atvik og styrkja tengslanetið um leið.
5. SVL ber ábyrgð á framkvæmd áhættumats í samvinnu við hlutaðeigandi og sífældri endurskoðun þess
6. SVL kallar eftir samráðsfundi með hlutaðeigandi umd/svæ-SVL og kemur á framfæri beiðni um uppfærslu áætlana og nauðsynlegum búnaði.
7. SVL uppfærir **Leiðbeiningar sem fyrirliggjandi eru** og birtir á heimasíðu EL. Kemur á framfæri öðrum nauðsynlegum upplýsingum er varða lýðheilsu.
8. SVL uppfærir eigin verkferla og tengiliðalista.
9. SVL tryggir aðgengi að neyðarbirgðum lyfja og hlífðarbúnaðar.

HÆTTUSTIG

Sjá ÓVISSUSTIG og ennfremur:

10. SVL upplýsir heilbrigðisráðherra svo fljótt sem verða má um breytingar á almannavarnastigi og til hvaða aðgerða verði gripið.
11. SVL situr vísindamannaráðsfundi AVD og kemur á framfæri ábendingum/leiðbeiningum er varða lýðheilsu.
12. SVL kallar eftir frekari upplýsingum (tafla 3.2 og mynd 7.2) og kemur á framfæri ósk til avd-RLS um samráðsfund með viðbragðsaðilum.
13. SVL heldur reglulega fundi með áhöfn heilbrigðisstarfsmanna í SST. Markmið fundar er að styrkja tengslanetið og tryggja gott upplýsingaflæði.
14. SVL endurskoðar áhættumat í sífellu í samvinnu við hlutaðeigandi.
15. SVL hefur reglulega samráðsfundi með fulltrúum hlutaðeigandi heilbrigðisstofnana og hlutaðeigandi umd/svæ-SVL.
16. SVL boðar til samráðs í gegnum fjarfund með öllum umd/svæ-SVL.
17. SVL tryggir að fyrirliggjandi leiðbeiningar séu færðar á heimasíðu EL og aðgengilegar íbúum og viðbragðsaðilum. Kemur á framfæri öðrum upplýsingum er varða lýðheilsu.
18. SVL uppfærir eigin verkferla og tengiliðalista.
19. SVL dreifir lyfjum, bóluefni og hlífðarbúnaði eftir þörfum.
20. SVL vinnur að öðru leiti samkvæmt eigin áætlunum.

NEYÐARSTIG

Sjá HÆTTUSTIG og ennfremur:

21. SVL upplýsir heilbrigðisráðherra svo fljótt sem verða má um breytingar á almannavarnastigi og til hvaða aðgerða verði gripið.
22. SVL er sérfræðingur í SST og vinnur náið með stjórnanda SST og heilbrigðisáhöfn SST.
23. SVL heldur samráðsfundi í gegnum fjarfund með öllum umd/svæ-SVL.
24. SVL tryggir nauðsynlega dreifingu **Leiðbeininga er varða lýðheilsu** meðal íbúa og innleiðingu þeirra. Kemur á framfæri öðrum upplýsingum er varða lýðheilsu.
25. SVL viðheldur eigin verkferlum og tengiliðalista.
26. SVL hefur yfirumsjón með neyðarbirgðum lyfja og hlífðarbúnaðar.
27. SVL vinnur að öðru leiti samkvæmt eigin áætlunum.

8.6 Heilbrigðisþjónusta – Embætti landlæknis

ÓVISSUSTIG

1. Skipuleggur eftirlit með heilbrigðisþjónustu við CBRNE atvik sem ógnar lýðheilsu.
2. Fulltrúi embættis landlæknis í samráðshópi áfallahjálpar upplýsir landlækni, sóttvarnalækni og fulltrúa embættis landlæknis í stjórn SST um virkjun samráðshóps áfallahjálpar.
3. Fulltrúi embættis landlæknis í stjórn SST sinnir upplýsingaskyldu til landlæknis og SVL.

HÆTTUSTIG

Sjá ÓVISSUSTIG og ennfremur:

4. Framkvæmir eftirlit með heilbrigðisþjónustu ef CBRNE atvik sem ógnar lýðheilsu er yfirvofandi eða hefur orðið.
5. Fulltrúi embættis landlæknis í samráðshópi áfallahjálpar miðlar fundargerðum hópsins til landlæknis, sóttvarnalæknis og fulltrúa embættis landlæknis í stjórn SST.
6. Fulltrúi embættis landlæknis í stjórn SST miðlar upplýsingum um fundargerðir til landlæknis og sóttvarnalæknis.

NEYÐARSTIG

Sjá HÆTTUSTIG og ennfremur:

7. Framkvæmir [After Action Review \(AAR\)](#) að loknum aðgerðum í samvinnu við SVL ef þess er talin þörf.

8.7 Heilbrigðisþjónusta – umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna

ÓVISSUSTIG

1. Móttækur/tilkynnir atvik sem ógnað getur lýðheilsu.
2. Kallar eftir auknu samráði við SVL.
3. Er í nánu samstarfi við vakthafandi lækni og aflar fyrstu upplýsinga samkvæmt Handbók CBRNE við grun um alvarlega hættu sem ógnað getur lýðheilsu.
4. Vinnur að faraldsfræðirannsókn og rakningu smitleiða í samvinnu við SVL og vakthafandi lækni.
5. Gerir áhættumat (mynd 3.2 og mynd 7.2) í samvinnu við SVL, vakt sími 510-1933.
6. Uppfærir eigin áætlanir, verkferla og tengiliðalista.
7. Kannar stöðu birgða og eykur birgðir ef svo ber undir.
8. Tryggir aðgengi að hlífðarbúnaði og lyfjum.
9. Fylgir leiðbeiningum SVL og kemur þeim á framfæri. Uppfærir efni á vef heilbrigðisstofnunar.
10. Upplýsir starfsmenn heilbrigðisþjónustu og kallar eftir upplýsingafundi með viðbragðsaðilum.

HÆTTUSTIG

Sjá ÓVISSUSTIG og ennfremur:

11. Móttækur tilkynningu um virkjun áætlunar á hættustigi/óskar eftir virkjun á hættustigi.
12. Tekur sæti í AST og er faglegur stjórnandi í samstarfi við lögreglustjóra umdæmis. Samráð við SVL eftir þörfum. Situr boðaða samráðsfundi umd/svæ-SVL.
13. Kallar eftir reglulegum samráðsfundum með hlutaðeigandi viðbragðsaðilum innan umdæmis og upplýsir starfsmenn heilbrigðisþjónustu.
14. Endurtekur áhættumat í sífellu í samvinnu við SVL og vakthafandi lækni á heilbrigðisstofnun staðarins. Metur þörf fyrir SSS og og hefur yfirsýn yfir fjölda einstaklinga sem þar eru skráðir. Kallar eftir niðurstöðum bráðaflokkunar.
15. Metur þörf fyrir afkvíun/heimasóttkví, skráir slíkt og hefur yfirsýn yfir fjölda og þjónustustigi.
16. Vinnur að faraldsfræðirannsókn og rakningu smitleiða í samvinnu við SVL og að eyðublaðið - *Public Health Passenger Locator Card*, sé fyllt út ef atvik er í flugi eða á flugvelli. Afhendir SVL útfyllt eyðublað við fyrsta tækifæri.
17. Miðlar upplýsingum til þolenda með því að: Færa efni á forsíðu á vef heilbrigðisstofnunar, miðlar stöðugt leiðbeiningum til starfsmanna heilbrigðisþjónustu, eflir símaþjónustu og vinnur náið með upplýsingafulltrúa heilbrigðisstofnunar.
18. Dreifir lyfjum, bólu efni og hlífðarbúnaði eftir þörfum innan umdæmis og samkvæmt áætlun.
19. Tryggir aðgengi að leiðbeiningum SVL.

NEYÐARSTIG

Sjá HÆTTUSTIG og ennfremur:

20. Móttækur tilkynningu um virkjun áætlunar á neyðarstigi/óskar eftir virkjun á neyðarstigi.
21. Er faglegur stjórnandi í AST og tryggir góða samvinnu við lögreglustjóra. Kallar eftir staðgengli ef ljóst er að atvik verður langvarandi. Kallar eftir daglegu samráði við alla hlutaðeigandi.
22. Endurtekur áhættumat í samráði við hlutaðeigandi og endurmetur dreifingu lyfja, bólu efna og hlífðarbúnaðar. Hefur yfirsýn yfir þolendur og staðsetningu þeirra. Tryggir gott upplýsingaflæði til þolenda og að þeir fái viðeigandi þjónustu innan umdæmisins.

8.8 Heilbrigðisþjónusta – sérhæfð, Landspítali

ÓVISSUSTIG

1. LSH móttækur tilkynningu gruns um CBRNE atvik. Boð geta borist til:
 - a. Vaktstjóra og stjórnanda læknis bráðamóttöku G2 frá 112.
 - b. Eitrunarmiðstöðvar LSH frá almenningi/heilbrigðisstarfsfólki/öðrum viðbragðsaðilum.
 - c. Vakthafandi smitsjúkdómalæknis frá sóttvarnalækni/umdæmislækni sóttvarna/öðrum heilbrigðisstofnunum.
2. Gerir áhættumat samkvæmt upplýsingum sem liggja fyrir. Metur þörf fyrir virkjun viðbragðsáætlunar LSH á óvissustigi.
3. Bráðamóttaka er upplýst og undirbýr móttöku sjúklinga.
4. Viðbragðsstjórn LSH er upplýst.
5. Viðbragðsstjórn LSH sér til þess að viðeigandi faglegir sérfræðingar innan LSH séu upplýstir.

HÆTTUSTIG

Sjá ÓVISSUSTIG og ennfremur:

6. Móttækur tilkynningu vegna líklegs CBRNE atviks.
7. LSH fer á viðbragðsstig samkvæmt viðbragðsáætlun LSH og vinnur samkvæmt henni.
8. Fulltrúar LSH fara í SST og AST.
9. Viðbragðssveit LSH gerir áhættumat m.t.t. öryggis á vettvangi og nauðsynlegs hlífðarbúnaðar. Undirbýr brottför í samstarfi við AST innan umdæmis/SST utan umdæmis, í samræmi við áhættumat og þarfir á vettvangi.

NEYÐARSTIG

Sjá HÆTTUSTIG og ennfremur:

10. Móttækur tilkynningu vegna orðins CBRNE atviks.
11. Viðbragðsstjórn LSH kemur saman.
12. Viðbragðsstjórn LSH sér til þess að viðeigandi faglegir sérfræðingar innan LSH séu virkjaðir.
13. Viðbragðssveit LSH undirbýr brottför í samstarfi við AST innan umdæmis/SST utan umdæmis, í samræmi við áhættumat og þarfir á vettvangi.

8.9 Heilbrigðisþjónusta – sérhæfð, Eitrunarmiðstöð Landspítala

ÓVISSUSTIG

1. Móttækur tilkynningu um hugsanlegt CBRNE atvik.
2. Kallar eftir frekari upplýsingum um tegund atviks. Leitar upplýsinga um aðila sem getur veitt frekari upplýsingar um tegund atviks.
3. Aflar upplýsinga á www.toxbase.org hjá erlendum og innlendum samstarfsaðilum og víðar.
4. Kynnir sér hugsanlega eitrun/geislun og áhrif hennar.
5. Kannar þörf fyrir mótefni og/eða hlífðarbúnað.
6. Setur sig í samband við SVL og upplýsir viðbragðsstjórn LSH og aðra viðbragðsaðila eftir þörfum.

HÆTTUSTIG

Sjá ÓVISSUSTIG og ennfremur:

7. Móttækur tilkynningu og fer á hættustig.
8. Tilkynnir yfirmanni Eitrunarmiðstöðvar LSH um atvikið.
9. Tilkynnir vakstjóra og stjórnanda bráðamóttöku LSH að Eitrunarmiðstöðin sé kominn á hættustig.
10. Setur upp eitrunargátt í bílskúr bráðamóttöku ef þörf er.
11. Athugar hlífðarbúnaðarbirgðir fyrir starfsmenn.
12. Athugar birgðir mótefna.

NEYÐARSTIG

Sjá HÆTTUSTIG og ennfremur

13. Móttækur tilkynningu og fer á neyðarstig.
14. Eitrunargátt tilbúin til að taka á móti þolendum.
15. Ákveðið hvað skal gera við afeitrunina.

8.10 Heilbrigðisþjónusta – sérhæfð, Sjúkrahúsið á Akureyri (SAk)

ÓVISSUSTIG

1. Fulltrúi viðbragðsstjórnar SAk móttekur tilkynningu frá SVL eða hefur samband við SVL í síma 510-1933 og umd/svæ-SVL vegna gruns um CBRNE atvik.
2. Virkjar viðbragðsáætlun SAk.
3. Undirbýr SAk fyrir komu veikra einstaklinga.
4. Vinnur samkvæmt eigin viðbragðsáætlun.
5. VBS tilnefnir fulltrúa í AST umdæmis.

HÆTTUSTIG

Sjá ÓVISSUSTIG og ennfremur:

6. Móttekur tilkynningu frá SVL eða hefur samband við SVL í síma 510-1933 og umd/svæ-SVL vegna líklegs CBRNE atviks.
7. SAk fer á hættustig samkvæmt viðbragðsáætlun SAk.
8. Viðbragðsstjórn SAk kemur saman.
9. Fulltrúi VBS eflir tengsl við AST umdæmis

NEYÐARSTIG

Sjá HÆTTUSTIG og ennfremur:

10. Virkjar viðbragðsáætlun SAk á neyðarstigi og vinnur samkvæmt eigin áætlun.

8.11 Heilbrigðisþjónusta – almenn, heilbrigðisstofnanir og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

ÓVISSUSTIG

1. Fulltrúi viðbragðsstjórnar innan heilbrigðisstofnunar/Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins móttækur tilkynningu frá SVL eða hefur samband við SVL í síma 510-1933 og umdæmislækni sóttvarna vegna gruns um CBRNE atvik. Miðlar upplýsingum innan stofnunar.
2. Virkjar viðbragðsáætlun heilbrigðisstofnunar, kannar birgðastöðu.
3. Undirbýr heilbrigðisstofnun/heilsugæslu fyrir komu veikra einstaklinga.
4. Vinnur samkvæmt eigin viðbragðsáætlun.

HÆTTUSTIG

Sjá ÓVISSUSTIG og ennfremur:

5. Fulltrúi viðbragðsstjórnar innan heilbrigðisstofnunar/Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins móttækur tilkynningu frá SVL eða hefur samband við SVL í síma 510-1933 og umd/ svæ-SVL vegna líklegs CBRNE atviks. Miðlar upplýsingum innan stofnunar.
6. Virkjar viðbragðsáætlun heilbrigðisstofnunar á hættustigi, kannar birgðastöðu.
7. Gerir vaktaáætlun fyrir starfsmenn
8. Undirbýr heilbrigðisstofnun/heilsugæslu fyrir komu veikra einstaklinga.
9. Vinnur samkvæmt eigin viðbragðsáætlun.

NEYÐARSTIG

Sjá HÆTTUSTIG og ennfremur:

10. Virkjar viðbragðsáætlun heilbrigðisstofnunar á neyðarstigi og vinnur samkvæmt eigin áætlun.
11. Veitir veikum einstaklingum viðeigandi heilbrigðisþjónustu.

8.12 Heilbrigðisþjónusta – Rekstraraðilar sjúkraflutninga

ÓVISSUSTIG

2. Kalla eftir leiðbeiningum frá SVL er varða varnir starfsmanna, öruggan flutning sýktra, þrif og sótt-hreinsun farartækja. **Vaktsími 510-1933 og netfang: svl@landlaeknir.is**
3. Uppfæra eigin viðbragðsáætlanir vegna sóttvarna.
4. Uppfæra skrár yfir sjúkrabifreiðar/sjúkraloftför/búnað á sínu upptökusvæði. Sérstakur búnaður vegna bráðsmitandi sjúklunga er staðsettur á LSH (einangrunarhólkur).
5. Kalla eftir upplýsingum frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu um staðsetningu björgunarsveita á upptökusvæðinu og bifreiðaeign þeirra í b og c flokki björgunarbifreiða.
6. Kanna og skrá þörf fyrir hlífðarbúnað starfsmanna og varaliðs (björgunarsveitamenn).
7. Kanna og skrá þörf fyrir búnað til þrifa vegna bráðamengunar og til sóttgreinsunar.

HÆTTUSTIG

Sjá ÓVISSUSTIG og ennfremur:

8. Nota hlífðarbúnað samkvæmt leiðbeiningum frá SVL.
9. Uppfæra leiðbeiningar um öruggan flutning sjúklunga frá SVL.
10. Kalla eftir/óska eftir aðstoð AST við að fá hlífðarbúnað úr vabirgðum SVL, **vaktsími 510-1933** og netfang: svl@landlaeknir.is og hafa tiltækan hlífðarbúnað fyrir starfsmenn.
11. Uppfæra leiðbeiningar um notkun hlífðarbúnaðar og förgun.
12. Eiga til á lager efni til sóttgreinsunar og leiðbeiningar um þrif vegna bráðamengunar sjúkrabifreiða og/eða annarra tækja.

NEYÐARSTIG

Sjá HÆTTUSTIG og ennfremur:

13. Vinna samkvæmt reglum frá SVL um flutning sýktra einstaklinga og þrifa vegna bráðamengunar á sjúkrabifreiðum og öðrum búnaði. Sérstakur búnaður vegna bráðsmitandi sjúklunga er staðsettur á LSH (einangrunarhólkur).
14. Óska eftir aðstoð frá flutningsstjóra - AST í umdæmi ef þörf er á bifreiðum í eigu björgunarsveita til flutninga á sjúklingum og einnig ef þörf er á varaliði frá fyrstuhjálparhópum björgunarsveita.

8.13 Heilbrigðisþjónusta – Lyfjastofnun

ÓVISSUSTIG

1. Móttekur tilkynningu eða kemur á framfæri tilkynningu um grun um CBRNE atvik.
2. Kallar eftir samráði við SVL.
3. Virkjar Neyðaráætlun Lyfjastofnunar og setur starfsfólk í viðbragðsstöðu.
4. Eykur eftirlit með birgðastöðu lyfja og lækningatækja og eflir samráð við birgja.
5. Kannar birgðastöðu veirulyfja, innrennslisvökva og stöðu annarra birgða.
6. Kannar birgðarstöðu bóluefna og mótefna.
7. Sendir beiðni til lyfjadreifendur/-framleiðenda um aukningu birgða, ef svo ber undir.
8. Takmarkar dreifingu og sölu valinna lyfja eða lækningatækja, ef svo ber undir.
9. Undirbýr að veita undanþágur frá lögum og reglum um innflutning og dreifingu lyfja og lækningatækja.

HÆTTUSTIG

Sjá ÓVISSUSTIG og ennfremur:

10. Upplýsir SVL.
11. Situr samráðsfundi með hlutaðeigandi sé þess óskað.
12. Eflir samráð við Lyfjastofnanir á Norðurlöndum og í Evrópu.
13. Sinnir upplýsingaskyldu og kemur á framfæri leiðbeiningum og nauðsynlegum upplýsingum.

NEYÐARSTIG

Sjá HÆTTUSTIG og ennfremur:

14. Sinnir samráði við lyfjadreifendur/- framleiðendur.
15. Kallar eftir aukningu á birgðum valinna lyfja eða lækningatækja sé þess óskað

8.14 Heilbrigðisþjónusta – Rannsóknarstofur (Keldur, Matís, Sýkla- og veirufræðideild LSH)

ÓVISSUSTIG

1. Tilkynna/móttaka grun um CBRNE atvik eftir atvikum til SVL / MAST og Heilbrigðiseftirlita.
2. Tryggja nauðsynleg aðföng svo rannsóknir gangi án tafa og niðurstöður berist til hlutaðeigandi. Gerir áætlun um aukið birgðahald.
3. Gera áætlun um aukna mönnun rannsóknarstofu.

HÆTTUSTIG

Sjá ÓVISSUSTIG og ennfremur:

4. Taka við sýnum frá mönnum/dýrum/umhverfi og annast greiningar án tafar.
5. Senda niðurstöður sýna jafnóðum til hlutaðeigandi, það er SVL/MAST/heilbrigðiseftirlit/heilbrigðistarfsmenn.
6. Veita ráðgjöf við rannsóknir á sýnum.
7. Veita aðstoð við faraldsfæðilegar rannsóknir.
8. Tegundagreina örverur, gera stofnagreiningar og senda í frekari rannsókn ef þörf er talin þar á.
9. Veita upplýsingar um niðurstöður rannsókna til hlutaðeigandi.
10. Veitir upplýsingar til MAST/heilbrigðiseftirlits um greiningar á stofnum sem greinast í matvælum og umhverfi.
11. Eru í samvinnu við erlendar rannsóknastofur sem hafa sérhæfingu á viðkomandi sviði.
12. Veita ráðgjöf um túlkun niðurstaðna stofnagreininga.

NEYÐARSTIG

Sjá HÆTTUSTIG og ennfremur:

13. Vinna samkvæmt áætlun um hámarksafköst.
14. Aukin samvinna á milli rannsóknarstofa og hafa daglegt samráð
15. Aukið samráð við SVL, MAST, hlutaðeigandi heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og aðra eftir því sem við á.

8.15 Löggæsla – Ríkislögreglustjórinn – Almannavarnadeild/SST

ÓVISSUSTIG

1. Móttækur tilkynningu varðandi grun um lýðheilsuógn, kallar eftir aðstoð SVL.
2. Bakvakt avd-RLS fylgist með stöðu mála og metur í samráði við SVL og lögreglustjóra viðkomandi embættis hvort hækka þurfi viðbragðsstig.
3. Starfar samkvæmt innri verkferlum.

HÆTTUSTIG

Sjá ÓVISSUSTIG og ennfremur:

4. Móttækur tilkynningu varðandi líklega heilsufarsógn, kallar eftir aðstoð SVL.
5. Fylgist með stöðu mála og metur í samráði við SVL og AST/lögreglustjóra viðkomandi embættis hvort hækka þurfi viðbragðsstig.
6. Ræsir aðgerð í SST og tryggir mönnun SST miðað við umfang aðgerðar.
7. Starfar samkvæmt innri verkferlum.

NEYÐARSTIG

Sjá HÆTTUSTIG og ennfremur:

8. Tryggir mönnun SST.
9. Tryggir að SST starfi hnökralaust.
10. Stýrir starfsemi fjölmiðlateymis SST.

8.16 Löggæsla – Ríkislögreglustjórinn – Fjarskiptamiðstöð

ÓVISSUSTIG

1. Fylgist með framvindu mála og miðlar upplýsingum til tækja á leið í aðgerð.

HÆTTUSTIG

Sjá ÓVISSUSTIG og ennfremur:

2. Fylgist með framvindu mála og miðlar upplýsingum til tækja á leið í aðgerð.
3. Sendir fulltrúa í SST ef SST er virkjuð.
4. Sendir lögreglubíl á LSH til að flytja neyðarsveit.
5. Sér um ID-nefnd RLS skv. beiðni frá SST.
6. Sendir fulltrúa í SST sem starfar í Framkvæmdum.

NEYÐARSTIG

Sjá HÆTTUSTIG og ennfremur:

7. Vinnur skv. skipulagi SST.

8.17 Löggæsla – Ríkislögreglustjórinn – Kennslanefnd (ID-nefnd)

ÓVISSUSTIG

Kennslanefndin hefur engar verkskyldur á ÓVISSUSTIGI

HÆTTUSTIG

FMR sér um boðun Kennslanefndar (ID-nefnd)

Sjá ÓVISSUSTIG og ennfremur:

1. Nefndarmenn mæta á skrifstofu RLS, Skúlagötu 21, Reykjavík.
2. ID-nefnd er send ef þörf er á og ef AST/lögreglustjóri óskar eftir henni í gegnum SST.
3. Við komu á svæði viðkomandi hafnar setur yfirmaður ID-nefndar sig í samband við AST sem skipuleggur tengsl nefndarinnar inn í aðgerðirnar.
4. Yfirmaður ID-nefndar stjórnar skipulagi og innri starfsemi á SSL og metur þörf á utanaðkomandi aðstoð.
5. Við störf sín á vettvangi styðst ID-nefnd við verklagsreglur sem mótaðar hafa verið um störf hennar.
6. SST sér um flutning ef með þarf.

NEYÐARSTIG

FMR sér um boðun Kennslanefndar (ID-nefnd)

Sjá HÆTTUSTIG og ennfremur:

7. Vinnur skv. fyrirmælum SST.

8.18 Löggæsla – Ríkislögreglustjórinn – Sérsvait

ÓVISSUSTIG

1. Móttekur upplýsingar um grun um CBRNE atvik og háskastig.
2. Bakvakt fylgist með stöðu mála í gegnum AVD og GRD.
